

líkamsnánd

NORRÆNT SAMVINNUVERKEFNI UM SAFNFRÆDSLUMYR UNGLINGA

Norrköpings Konstmuseum, Norrköping
17.11. 1996 - 6.1. 1997



Henne-Onstad Kunstsenter, Høvikodden
18.1. - 2.3. 1997

Alvar Aalto -museum, Jyväskylä
24.4. - 8.6. 1997

Kjarvalsstaðir, Listasafn Reykjavíkur
8.1. - 1.3. 1998

Vestsjællands Konstmuseum, Sorø
6.9. - 19.10. 1997

© 1996 Alvar Aalto -museo
Henie-Onstad Kunstsenter
Kjarvalsstaðir-Listasafn Reykjavíkur
Norrköpings Konstmuseum
Vestsjællands Kunstmuseum

Ritstjórn: Dorthe Abildgaard
Hönnun: Ulla Hoffmann
Kápa/Veggspjald: Ulla Hoffmann
Upplag: 10.000
Gerð sýningarskrár: ScanPress,
Christensen Fotosats, Eks-Skolens
Trykkeri, Trykkeriet Arne og Ben,
Concordia.

ISBN: 9979-874-73-2

Sýningarstjórar:

Dorthe Abildgaard, Þorbjörg Br.
Gunnarsdóttir, Teija Hihnala,
Helena Persson, Susanne Rajka.

Umsjón með safnfræðslu:

Dorthe Abildgaard, Þorbjörg Br.
Gunnarsdóttir, Teija Hihnala,
Elisabet Ingvarsdóttir, Tina Karlsson,
Rajja Partanen, Helena Persson,
Susanne Rajka, Onita Chaudhuri Wass.

Umsjón með efni:

Dorthe Abildgaard, Þorbjörg Br.
Gunnarsdóttir, Rajja Partanen, Helena
Persson, Tina Karlsson, Susanne Rajka.

Yfirumsjón:

Vestsjællands Kunstmuseum:
Dorthe Abildgaard, Birthe Juul-
Marker, Charlotte Sabroe.

Umsjón með kostun:

Dorthe Abildgaard, Þorbjörg Br.
Gunnarsdóttir, Rajja Partanen,
Helena Persson, Susanne Rajka.


Styrktaraðilar:

Norræni menningarsjóðurinn, Danska
menntamálaráðuneytið, EK/K og EK/U,
Letterstedtska félagið, Menningarsjóð-
urinn fyrir Danmörk Finnland, Mennta
málaráð Noregs, NKKK Norræna
lista- og listiðnaðarnefndin, NSS-
Norræna skólasamstarfsnefndin,
Sjóðurinn um dansk-norska samvinnu,
Sleipnir, Sænska menningaráðið.

efnisyfirlit

- 2 **ORÐ OG MYNDIR** ← - - - - -
- 8 **TENGL LÍKAMANS**
HELENA PERSSON
LARS HAMMARSTRÖM, ELIN WIKSTRÖM
NORRKÖPINGS KONSTMUSEUM
- 18 **ENTER:LÍKAMINN**
DORTHE ABILDGAARD
VESTSJÆLLANDS KONSTMUSEUM
- 28 **LÍKAMINN Í LISTINNI**
SUSANNE RAJKA
HENIE-ONSTAD KUNSTSENTER
- 38 **VERÐUR MAÐUR PRÚÐUR AF AD VERA FALLEGUR?**
VIBEKE MELBY
- 39 **HAMINGJA LÍKAMI OG FYRIRMYNDIR**
ÞIVIND AASBRENN
- 40 **LÍKAMINN OG LISTHUGTAKID Í
ISLENSKRI SAMTIMALIST**
ÞORBJÖRG BR. GUNNARSDÓTTIR
KJARVALSSTAÐIR, LISTASAFN REYKJAVÍKUR
- 48 **HÍÐ NAKTA ÉG**
TEIJA HIHNALA
ALVAR AALTO -MUSEO

Ljósmyndir: Billedhuset / Ljósmyndasafn Reykjavíkur / C.Wikström: 2-7,
R.Andersson: 9. P.Hüttner: 10. L.Hammarström: 11. E.Wikström: 12,
13, 15. S.Lautrop: 18, 21. P.Bak Jensen: 22, 23, 25. J.Friis: 26.
Trøndelag Kunstgalleri: 28, 33-35. Ø.Thorvaldsen: 32. K.P.Gudnason:
41, 42, 45-47. M.Holma: 31, 52, 55.



Það var dag nokkurn að á vegi mínum varð “Svanur” sem ég átti eftir að komast í betri kynni við. Hann sagði mér að á ferðum sínum hefði hann kynnst kuldanum og ástleysinu. Og það kom að því, að hann missti flugið og brotlenti. Og þarna lá hann vængjalaus og ástlaus, ókennilegur.

Hann hafði breyst, felld haminn, fengið á sig mannsmynd. Og eftir nokkurt brölt í ástlausum heimi, áttaði hann sig á því, að hann var fastur í búknum á sér og gat ekki snúið til baka.

Þarna var saga fugls með brenglaða sjálfsmynd. Mín saga var önnur. Og þó, en allavega; ég er “Maður” þótt ég sé með vængi.





ÄT TJEJER FÖR FANI!

Det finns ingenting värre än tjejer som petar i maten. Varför gick vi till restaurangen överhuvudtaget? För att leka plocke-pinn med besticken? Detta är en trött mans sanna bekännelser: Ät kvinna – annars gör jag slarvsylta av dig.
Veckorevyn, 26 '94

LÍKAMANN

Landsmenn munu hafa verið latir að þrifa á sér líkamann, G. Hannesson læknir segir í grein skrifaðri 1921: »Það má heita að flest alþjóða manna þvoi sjer aldrei um allan líkamann frá vögginni til grafarinnar...» Guðmundur Hannesson; »Um hreinlæti.«
Skirnir, 1921

FYRSTA FEGURÐARSAMKEPPNIN

Fyrsta fegurðarsamkeppnin sem haldin var á Íslandi var ekki með hefðbundnu sniði. Stúlkur gátu sent mynd af sér sem síðan var dreift með Teofani sigarettum og völdu neytendur fegurstu stúlkuna. G. Friðriksson; Saga Reykjavíkur, Bærinn vaknar 1850-1940. Seinni hl., RV. '94

OPPLÖSNING AV SEDENE

Det danske psykolog-paret Inge og Sten Hegeler hadde sin faste sexspalte i Dagbladet i 1968. / Sommeren 1969 gikk over 10.000 pinsevenner i protesttog i Sarons dal i Vest-Agder mot pornografi og oppløsning av sedene. Yngvar Ustvedt, Overflod og opprør i «Det skjedde i Norge». Bind 3, 1961-72. Oslo, 1981

VI PISKAR BARA VARANDRA FORSIKTIGT ...

De uppträder i gummi och gillar att laja med dildos. I närmaste framtidsplanerna ingår ring i klitoris. Killar tittar och tjejer förfasar sig. Men Mirja och Sophie, trångbodda sambor i Stockholm, bryr sig inte ... Veckorevyn nr. 26 1994

FORBRUKER- OMBUDET HAR TALT: NEI TIL NAKEN MACKØL-DAME

Reklamen med naken dame som blikkfang for lettøl er i strid med markedsføringsloven, konkluderer Forbrukerombudet og ber Macks Ølbryggeri om å stanse annonsen snarest. Aftenposten 3. 9. 1996



**MIN
MAN ÄR
GRAVID!**

Hon är med barn – han kräks. Hennes mage växer – hans med! Jodå, män kan bli gravida. De vill ju också ha en smula uppmärksamhet! Hasses skäggväxt ökade när hans frus mage svällde. Crister blev sugen på godis och fick en nytändning på jobbet ...

Amelia nr. 1 1995

1985-1996

'85 ensimmäinen sydämensirto Suomessa. '92 Helsingissä avataan ensimmäinen topless-baari. '93 Suomen ensimmäinen rikosoikeudenkäynti AIDS:n tahallisesta tartuttamisesta. '96 suomalainen Lola Odusoga sijoittuu toiseksi perintöprinsessaksi Miss Universum kisassa.

Mitä-missä-milloin
1987,1995,1994,1996

**KVINDEKROP
TIL TIDEN**

1990ernes kvindebillede er fragmenteret og sammensat. (...) Men selv om der både er plads til skønhedsoperationer og feminisme i nye håndbøger om og for kvinder, er det stadig kroppen, der er i fokus, når kvindeligheden skal kredses ind. Berlingske Tidende

Univers 17. 9. 1996



DER ER FLYDENDE GRÆNSER FOR DET MENNESKELIGE

Svinehjerter til mennesker eller ej... fronterne trækkes stadig hårdere op.

Tidligere næstformand for Etisk Råd dr. theol. Svend Andersen er ikke i tvivl om, hvad han anser for etisk forsvarligt. Det vil godt nok være mærkeligt at have et svinehjerter,

men er det ikke også mærkeligt at have et dødt menneskes hjerte i sig?


Men det ændrer jo ikke folks følelser, vi bliver ikke mere hjerteløse, fordi vi har et svinehjerter. Svend Andersen, prof. tidl. næstform. Etisk Råd, Information 14. 6. 96

RÄDD FÖR SILIKON?

Lugn - här är de nya bröstten som växer. För dig som längtar efter en imponerande byst men är rädd för silikonimplantat kommer snart en ny metod som gör att bröstten växer av sig själva! Man opererar in ett svampliknande material som är tillverkat av

kvinnans egna celler och påverkar immunsystemet till att tillverka bröstvävnad över implantatet. - Undrar just när de slutar växa? Aftonbladet, Sundags-tidningen, nr. 15 '96





KUNSTEN AT DYRKE MENNESKELIGE RESERVEDELE

Et alternativ til transplantationer tegner sig: dyrkningen af diverse væv og organer i cellekulturer i laboratoriet. De kalder det tissue engineering. At bygge væv. Eller organer. Hud, brus, hornhinder, knoglemarv, nerver, lever, bugspytkirtel, hjerteklapper. Fremstillet i laboratoriet, klar til indsætning i patienter med væv behov. Information

24. 6. 96

OCH VAD FICK HON?

Efter operationen vet Monica: Min rynka sitter i själen. Två ilska rynkor på tvären. Mitt i ansiktet. Det var det enda Amelias 9-5 redaktör Monica Berg såg när hon tittade sig i spegeln. Rynkorna måste bort. Och plastik-kirurgen föreslog ett pannlyft. »Bara att skära och dra upp!« Så Monica opererade sig. 19.000 kr. för ett nytt lyckligare liv ... Och vad fick hon?

Amelia nr.1 1995

PUMPA DIN RUMPA

Att hålla häcken på plats kräver varken dyra gymkort eller hårdspäkning. Träna hemma två, tre gånger i veckan. I din egen takt. Med de rörelser du själv gillar. Vi visar hur. Det finns två metoder att öva upp muskler och smidighet. Den ena arbetar med tunga rörelser och ett fåtal repetitioner, den andra jobbar du precis tvärtom; du tänjer bara lite grann, ett par centimeter, och upprepar rörelsen ända upp till 100 gånger när du är som mest vältränad. Veckorevyn 26, '94



HELLO SPACE-BOY

I de informationsbombarderande, holdningsmässigt troløse og på mange måder kaotiske, accelererende 1990ere er moden mere væsentlig og mere diffus end nogensinde før. – Man kan stort set være moderne, ligegyldigt hvad man har på. Bare man går med det på den rigtige facon, som ikke kan slæes op i et sæsonkatalog, men udspringer af dette årtis fænomener som synlighed, individualisme, etik, økologi, etnisk forståelse, fremtidsspænding, drive og beat. – Et nyt årtusinde ligger på lur ... Både bevidst og underbevidst er år 2000 til stede her og lige nu, og skæringspunktet giver sig bl.a fysisk til kende i kroppenes klude og dekoration. – En hel verden er rastløs. Færdig med det 20. århundrede, parat til at dykke ned i det 21. Det sidste skrig, i Ud Et Se, tillæg sept. 1996



19. ÖLD. BRJÓSTAGJÖF

Fram til 1850 var það nánast undan-tekning að mæður gæfu börnum sínum brjóstamjólk. Líklegast skýringin er sú að brjóstamjólk hafi verið talin óholl börnum. Þeim var gefin kúamjólk, jafnvel rjómi og annar matur sem var tugginn, settur í léreftstusku og stungið upp í þau eins og snuð. Talið er að þessi þunga fæða sem kornabörnum var gefin hafi verið skýringin á gríðarlegum ungbarnadauða sem var um 40 % þegar mest var. Brjóstagjöf varð ekki almenn fyrr en á 20. öld.

D. Heðdal: »Peir sem guðirnir elska deyja ungir.« Sagnir. 1988



RIKETS SIKKERHET

Så vidt meg bekjent må også Norge ha vært det eneste landet i verden hvor man i fullt alvor debatterte om lårkort skjortemote kunne gå ut over effektiviteten på arbeidsplassene, og selv i dag kan reklameplakater med damer i undertøy avstedkomme forsider i avisene og bli diskutert som om det gjelder rikets sikkerhet.

Jan Kjærstad, Forførelsen,
Oslo, 1993



DÖDSSMITTA SOM CHOCCAR VA

Tolv unga har de sena avlidit i den grymma de CJS, som vanligen bara dr Creutzfeldt-Jakobs sjukdom ter med galna kosjukan BSE. domar. BSE överförs från dj förs från människa till mä djur. Nu fruktar man att smittas av BSE – det skul en epidemi. Aftonbladet. Söndagstidningen nr

FRA TERPER TERAPI

»Beskriv i din dagbog, hv dig selv. Beskriv hvordan du sekammerater oplever dig. U sonlighed eller undertrykker et par opgaver i en ny skolebe kundsskab» og med den rykke de danske folkeskoler. Stater ningsområde er udvidet til sig selv og sit selvværd og til at klare fremtidige kr lighed. Weekendavisen

9-15. 2. 9

LAILA BLIR NEMLIG EN GANSKE ANNEN ...

... når hun er hjemme hos foreldrene sine, reduseres fra kvinne til barn, til den lille velopdragne datter til velutdannede og posisjonerte torer. Hun ser også at jeg ser det og ikke liker det ne rollen som det faller henne så naturligt å falle i, og som hun kanskje ikke engang reflekterer om hun nå ser seg selv i mine øyne – speilet: a-end hennes forsvinner, de vulgære diftongene, blikke ned i ungprikeaktig ydmykhet når faren sier en ning som ville ha fått håret til å reise seg hodet hennes dersom den var blitt uttalt av en annen. Roy Jacobsen, Seierherrene,

Oslo/Gjøvik '91

TENGLÍKAMANS

INNGANGUR: HELENA PERSSON

Líkami. Nú á tímum er hægt að skipta út líffærum og líkamspörtum, það er hægt að skipta um kyn, breyta nefi, stæla líkama og grenna, til þess eins að ná fram líkamsmynd sem óskað er eftir. Eða hreinlega til að halda lífi. Erfðatæknin færir okkur nær lausn á krabbameini auk þess sem við kuklum við ræktun skepna sem gefa af sér sem mest kjöt. Það virðast engin takmörk vera fyrir því sem við getum boðið líkamanum og beitt honum.

Líkaminn kallar á andstæðar tilfinningar.

Við beitum honum og tjáum okkur með honum en hann vekur líka siðferðislegar spurningar um hvað okkur finnst vera gott líf. Hver er ég og hvernig vil ég vera? Og hvernig bregst ég við umhverfinu? Með líkamanum sýnum við okkur og sjáum heiminn. Og allt virðist hægt ...

Listamenn hafa kljást við líkamann á ýmsan hátt. Á spjöldum listasögunnar kynnumst við hugsanahætti og hugmyndum sem ríkt hafa á ýmsum tímabilum sögunnar, mismunandi menningarheimum og hópum. Lars Hammarström, Elin Wikström og Marianne Lindberg De Geer eru ungir listamenn sem nota eigin líkama og annarra á margvíslegan hátt og af mismunandi ástæðum. Lars Hammarström gerir afsteypur af líkama sínum og líkamshlutum. Elin Wikström vinnur öðruvísi. Verk hennar eru hvorki hlutkennd né varanleg. Hún skapar það sem hún kallar kringumstæður, en það eru nokkurs konar gjörningar sem hún fremur ýmist ein síns liðs eða með öðrum á ákveðnum stað á afmörkuðum tíma. Verkið Ég hugsa um sjálfa mig eftir Marianne Lindberg De Geer samanstendur af mörgum samklippum þar sem hún hefur sett sjálfmynd sína í hinar ýmsu myndir af listaverkum og í myndir úr tímaritum og dagblöðum.

LARS HAMMARSTRÖM

Í höggmyndum og öðrum verkum sem ég hef unnið á undanförunum árum hef ég notað líkamann til að sýna leitina að heildinni. Mig langaði til að lýsa fyrir sjálfum mér hvernig maður sér skugga bregða fyrir útundan sér, skugga sem er alltaf þarna og sem hægt að finna fullnægjandi samhyggð með ef einbeitingu er beitt. Markmið mitt er að skapa myndir með figúrum og hlutum sem mynda orðalaust ástand.

Ég nota oft listasöguna í verkum mínum. Ég hef ferðast mikið um Indland og kynnt mér hefðbundin búddalíkneski sem ég skírskota til í mörgum verkum mínum. Þá hefur arkaiska tímabilið í grískri höggmyndagerð heillað mig.

Ég nota oft líkama minn sem undirstöðu verka minna. Ég óx ég gífurlega hratt þegar ég var 15-16 ára og fyrr en varði var ég lentur í löngum líkama sem ég vildi óðum læra að hafa stjórn á. Líkami minn heillaði mig og ég vildi láta reyna á þol hans. Það gerði ég (og geri enn) með því að stunda jóga, karate að ógleymdum dansinum sem dregið hefur mig í gegnum margar þungar og sveittar nætur á dansstöðum.

Ég málaði sjálfmyndir í mörg ár áður en ég fór að fást við höggmyndir. Fyrstu höggmyndirnar gerði ég úr kubbum og blokkum en byrjaði síðan á kúros-myndum, þ.e. höggmyndum sem héldu á blokk og sem ég kallaði »Hann og Það« (kúros þýðir ungmenni og er nafnið á grískum höggmyndum frá 500 F.Kr.). Í huga mér var þetta dæmigert form fyrir leitandi mann þar sem blokkin táknaði hugsunina. Eftir þetta fór ég að gera afsteypur af sjálfum mér. Það var hálf ógnvekjandi að byrja að steypa sjálfan mig í gifs. Þetta minnti á dánargrímur.

Í höggmyndum úr pólýester og sprautuðum með bila-lakki frá 1994 steypiti ég sjálfan mig í ýmsum stellingum, ýmist sitjandi eða standandi með reist andlit og lokuð augu. Verkin kallaði ég »Nurture«, það þýðir að næra eða ala. Allar höggmyndirnar voru þöglar og innhverfar rétt eins og um trans eða hugleiðslu væri að ræða.




Eftir þetta fór ég að gera brjóstmyndir sem ég nefndi «A Tribe Called Quest» í höfuðið á bandarískri hiphop-hljómsveit. Nafnið er tilvísun í gengi eða indíánaættbálk. Ég vann út frá hefðbundnum brjóstmyndum og steypiti höfuð mitt í ýmsum stellingum. Á sýningum raðaði ég höggmyndunum þannig upp að hrynjandi myndaðist á milli þeirra.

Í HUGA MÉR VAR ÞETTA DÆMIGERT FORM FYRIR LEITANDI MANN ÞAR SEM BLOKKIN TÁKNADI HUGSUNINA

*Lars Hammarström,
Hann og Það. 1993.
Bilalakk, polyéster.*

ALLAR HÖGGMYNDIRNAR
VORU ÞÖGLAR OG
INNVERFAR RÉTT EINS
OG UM TRANS EÐA
HUGLEIÐSLU VÆRI AÐ
RÆÐA ...

*Lars Hammarström,
Nurture. 1994.
Bílalakk, polýester.*



ÉG VANN ÚT FRÁ
HEFÐBUNÐNUM
BRJÓSTMYNDUM OG
STEYPTI HÖFUÐ MITT Í
ÝMSUM STELLINGUM ...

*Lars Hammarström,
A Tribe Called Quest. 1994.
Bílalakk, gifs.*





FYRST REYND ÉG AÐ GERA FÓTLEGGINN TVEGGJA METRA LANGAN EN ÚTKOMAN GEKK EKKI UPP ...

*Lars Hammarström,
Fótleggur. 1996.
Steypa.*

eru handleggirnir alltof stuttir, en einmitt á þeim tímum var það ríkjandi skoðun að þannig ætti að mynda mannslikamann.

Í nýjstu verkum mínum hef ég unnið með líkamshluta, þar á meðal fótlegg í kolröngum hlutföllum. Ég gerði handlegg og fótlegg þar sem handleggurinn var í réttum hlutföllum en fótleggurinn svo teygður að hann myndi passa á 3,7 metra háan líkama. Fyrst steypiti ég fótlegginn og sagaði síðan formið í sneiðar eins og agúrku. Þegar ég raðaði þeim saman aftur gerði ég bil á milli þeirra. Þá fylgdi heilmikil vinna áður en ég gat steypit fótlegginn aftur svo útkoman yrði góð. Fyrst reynd ég að gera fótlegginn tveggja metra langan en útkoman gekk ekki upp. Þannig verður að vinna, kanna verður ýmsa möguleika áður en útkoman verður rétt. Fótlegginn steypiti ég í gifs steypu og málaði síðan raflitað. Núna er ég að gera handlegg sem virðist ætla að verða ansi skringilegur.

Það er erfitt að lýsa því hvernig náð er fram endanlegri mynd. Ég byrja á því að fá hugmynd um það sem mig langar til að gera, eftir það gerist margt á meðan á vinnslu verksins stendur, bæði þegar steypit er og teknar afsteypur, – það eru svo ótal mörg atriði. Ég nota efnið algernat þegar ég geri afsteypur af sjálfum mér, en sá massi er mjög hentugur

til að gera afsteypur úr fyrir flest efni. Það er að vísu töluvert maus að vinna með hann en árangurinn lætur ekki standa á sér.

Ég hef mikinn áhuga á hlutföllum, t.d. á grisku kúros-körlunum og trúarlíkneskjum hindúa og búddatrúarmanna. Hlutföll þeirra eru vægast sagt röng. Á kúros-körlunum

ELIN WIKSTRÖM

AÐ VERÐA LISTAMAÐUR

Ég get sagt frá því HVERNIG ég valdi. Ég valdi ekki út frá fjárhagslegri forsjálni eða öruggum framtíðarhorfum, heldur því sem ég hafði áhuga á. Ég braut heilann um hvernig ég gæti skapað mér gott líf. Ég ólst upp í smábæ og þar var ekki beinlínis menningarlíf sem dregið gat mig að listinni. Það voru öllu heldur kvikmyndir og bækur sem glæddu skilning minn á því hvernig listin sýnir aðra mynd af samfélaginu en fjölmiðlar og stjórnmál.

Ég byrjaði á því að fara á lýðháskólann í Östra Greby á Skáni. Kennararnir gátu gefið okkur undirstöðuna í litfræði, formi og módelteikningu en þeir voru gjörsamlega ómegnugir að skilja hvað nemendurnir höfðu mestan áhuga á. Það snerist ekkert um annað en hámenningu. Það var alltaf verið að bera myndirnar okkar saman við eitthvað sem aðrir höfðu gert áður, fyrirmyndir úr listasögunni, Cézanne eða Pollock eða einhverja sérstaka tækni. Það besta við Skánardvölina var hvað mikið var að gerast í listalífínu í Málmey. Þar komst ég í tæri við samtímalist sem vakti spurningar og tjáði það sem ég þekkti aftur frá sjálfri mér.

LISTIN

Nú tala allir um fjármál og peninga. Fyrir mér er listin fjárfesting sem er óframleiðin í sjálfri sér. Listin er nokkurs konar orka sem lögð er í eitthvað sem ekki er hægt að mæla.

Í móðernismanum tengi ég margt við karllægan hugsunarhátt. Þ.e. samkeppni og baráttuna um að ljúka við mynd – þennan hugsunarhátt skynjaði ég líka í list niunda áratugarins sem skírskotaði mikið til heimspeki og kenninga. Listin varð svo falin og afstæð en ekki það sem ég vildi að hún væri. Þá rann upp fyrir mér ljós, að ég vildi SEGJA FRÁ. Ég vildi að verkin mín byggðust á einhverju hægt væri að tala um en ekki bara vitna í.

GJÖRNINGAR

Fyrsta gjörninginn framdi ég með kunningja mínum í Karlskrona. Við höfðum lesið «Ávarp surrealistanna» og fannst við sjálf vera verðandi dadaistar. Við útbjuggum pappahorn með teygju og máluðum rauð. Ætlunin var




að setja nef á allar styttur bæjarins. Við pökkuðum nefunum niður í kassa og örkuðum niður í bæ – en von bráðar komumst við að því að hugmyndir okkar um styttur stóðust ekki raunveruleikann. Okkur hafði láðst að taka tillit til þess að sumar styttur geta verið allt að tuttugu metrar á hæð!

KRINGUMSTÆÐUR

Núna er ég farin að vinna með TILBÚNAR KRINGUMSTÆÐUR, en þar geta áhorfendur gengið inn í listaverkið og brugðist við því út frá eigin forsendum. Ég er persona, gerandi í verkum mínum og ég ætlast til að áhorfendur séu það líka. Gjörningar mínir voru miklu leikrænni, eins og sýning. Þegar valdar eru hversdagslegar aðstæður kemur greinilega í ljós að raunveruleikinn er engan veginn óbreytileg stærð heldur byggir hann á gagnkvæmu samkomulagi þátttakenda.

Verk min eru hvorki viðkvæm né brothætt. Áhorfandinn getur hæglega gengið fram til þess sem tekur þátt í kringumstæðunum og sagt skoðun sína öpvegna. Áhorfendum á ekki að finnast listamaðurinn fylgjast með sér úr felum, þeir eiga að vera óhræddir við að vera ósammála.

Það sem heillar mig í tilbúnar kringumstæður er beina ávarpið, að áhorfandinn geti stigið beint inn í verkið og tekið þátt í sköpunarferlinu. Á tímum fjölmiðlunar er mörgu miðlað rafrænt og óbeint og við verðum óvirkir upplifendur. Mér finnst gaman að vinna með RAUNVERULEGAN TÍMA á tilteknum stað. Ég reyni að ná andrúmsloftinu og því flóktandi sambandi sem myndast milli fólks í verkum mínum, milli manneskjunnar og staðarins, eða



Elin Wikström,
Poor Patricia's Complete Receipts. 1995.

milli manneskjunnar og verksins sem er til staðar í kringumstæðunum. Þetta fjallar um að ná andrúmsloftinu, sambandinu á meðan það ER ennþá en getur náð að breytast í eitthvað annað. Hafi fólk ekki upplifað kringumstæður verða þeir að spyrja mig eða einhvern annan – eða bara mæta næst þegar það gerist. Fjöldi áhorfenda skiptir ekki meginmáli heldur hitt að verk min séu gjör-samlega aðgengileg. Þú getur gengið inn í þau ef þú ert til staðar. Eftir á eru þau ekki til lengur.

STUND OG STAÐUR

Þegar ég skilgreini listina sem óframleiðna tjáningu liggur þar að baki einhver hugsun um hverfullleika. Eitthvað er gert og síðan er það ekki lengur til. Minnismerki standa um alla eilífð, mæla einum rómi og eru andlit VALDSINS. Verk min eru ekki fulltrúar neins varanlegs. Ég er ekki á höttunum eftir eilífum sannleika. Ég lít á verk min sem röksemdafærslu. Raunveruleikinn er hlutir sem mætast.

BIRNIR

Verkið »Ég vil verða björn« fjallar um nokkurs konar ást, þrána eftir að renna saman við aðra mannskepnu og skilja hana til hlítar. Að sjá hvort maður geti höndlað eitthvað annað en samt haldið áfram að vera trúr sjálfum sér, maður er alltaf bæði-og en aldrei annaðhvort-eða.

Eftir því sem maður veit meira um eitthvað – björn er jú björn – því flóknara verður að fara inn í hlutverkið. Ég varði heilu ári í að safna öllu sem tengdist björnum á einhvern hátt. Fræðilegum textum, myndum úr auglýsingum, Interneti og sjónvarpi og meira að segja kvik-

myndabút sem kunningi minn átti þar sem björn er að éta bandariskan ferðamann og handleggir og fætur stungust út úr kjaftinum. Ég fór að skoða björn í Kolmården-dýragarðinum en björninn lét ekki sjá sig. Þegar komið var að því að sýna afraksturinn klæddi ég mig í gervi bjarnar, hélt nokkurs konar nektarsýningu aftur á bak. Ég byrjaði á nærbuxunum einum klæða en klæddi mig svo í bjarnarhaminn. Að lokum þrammaði ég um gólf á fjórum fótum í risastórum búningi.

Það getur verið pirrandi að þurfa að gefa skýr skila-boð og setja sér ákveðin mörk. En stundum skapast falskt öryggi þegar maður takmarkar sig í stað þess að vera opin fyrir nýjum möguleikum. Kannski er það þess vegna sem ég nota persónur í verkum mínum sem skirskota til þess að vera á báðum áttum. Persónur sem liður best með því að vera ekki ÖRUGGAR um eitt né neitt.

AÐ VERSLA

Ég flutti verkið »Poor Patricia's Complete Receipts« í fyrra á sýningu í Amsterdam. Patricia nýtur þess að prófa hvert gervið á fætur öðru. Hún fer í búðir, mátar fót og skilar svo öllu daginn eftir.

Verkið byggist á því að atferli hennar er hugsanlegt, hún hefur bæði rétt og kost á því að gera sem hún gerir. Ástæðan fyrir því að sumar reglur eru ekki misnotaðar er sú að okkur finnst svo niðurlægjandi að skipta um skoðun, maður hegðar sér hreinlega ekki eins og Patricia. Hún aftur á móti notfærir sér bara það sem við höfum öll rétt á, og hún er í STÖÐUGRI breytingu. »Ég valdi vitlaust en núna vil ég hafa það svona.«

Hefði ég gert þetta verk á heimaslóðum hefði at-hyglin beinst miklu meir að mér sjálfri. Þar þekkja mig

allir. Í Amsterdam þekkir mig enginn og því tóku áhorfendur mér eins og ég kom fyrir þann og þann daginn með þeim skilaboðum sem fólust í klæðaburðinum. Patriciu var tekið eins og hún kom fyrir þá stundina. Nú á tímum er tiskan svo öflug að klæðaburðurinn ber ótvíræðan vitnisburð um félagslega stöðu okkar. Það sem við sýnum. Það sem við gefum merki um.

AD SYRGJA

Í verkinu »What does a human being do when there is nothing to be done« óskaði ég að sýna það sem gerist INNANBRJÓSTS við vissar aðstæður. Það fjallar um innra eintal, innri tjáskipti sem eiga sér stað og sem áhorfandinn skoðar að utan.

Tíminn er alltaf til staðar í verkum mínum. »What does a human being do when there is nothing to be done« fjallar um að gefa sorginni þann tíma sem krefst. Talað er um óþrjótandi uppsprettur. En hvað er óþrjótanlegt, hvaða afl er það? Þá er ég að meina sjálfsbjargarviðleitnina, aflíð sem fær okkur til að rétta úr kútnum og vinna bug á sorginni. Hringrás. Manneskja situr í sófa og tekst á við sorgina. Þá kemur að því að henni tekst að fyrirgefa sjálfri sér og hún kemst í raun um að engu verði nokkurn tíma lokið.

TILURÐ VERKANA

Innbyrðis eru verk mín mjög ólík. Viðfangsefni verkanna eru oft mjög greinileg. En sameiginlegt þeim öllum er að þau fjalla um efnahagsleg og félagsleg málefni í ýmsum myndum. Oft er kveikjan að verkum mínum einhver texti eða umræður sem hreyft hafa við mér. Það skiptir mig æ meira máli að kanna forsendurnar fyrir hverri sýningu fyrir sig. Hver heildarhugmyndin sé. Það er mikill munur á að hafa frjálshar hendur til að gera það sem maður vill og svo að taka þátt í samsýningu um ákveðið efni.

Að fá áhorfendur til að taka þátt í kringumstæður það skiptir mig miklu máli að vita hverju ég vilji ná fram í verkum mínum. Líka til þess að ná sambandi við verkið. 52 stelpur tóku þátt í verkinu »Rebekka biður eftir Önnu, Anna biður eftir Sesselíu, Sesselía biður eftir Maríu...« og þegar ég vinn með svona mörgum statistum skiptir miklu máli að mér takist að hrifa þá með. Þær verða að gera upp við sig hvort þær vilji vera með eða ekki og til þess að það sé hægt er mikilvægt að ég sé skýr í skilaboðum mínum um hvað ég sé á höttunum eftir.

Það er mjög mikilvægt að fylgjast með viðbrögðunum þegar ég legg fram hugmyndir mínar. Þetta er nokkurs konar prófraun sem ég þarf að fara í gegnum til að komast að því hvort hugmyndir mínar geti borið verkið áður en farið er út í að setja það upp. Síðan gerist margt þegar farið er að undirbúa verkið. Það verður alltaf miklu áhrifameira en ég hafði ímyndað mér. Það verður ekki leikrit eða skáldskapur heldur fjallar það um eitt-hvað sem allir kannast við. En það gæti líka farið úrskaiðis. Í verkinu »Rebekka biður eftir Önnu, Anna biður eftir Sesselíu, Sesselía biður eftir Maríu...« kom einu sinni fyrir að ein stelpa mætti ekki. Þá varð sú sem beið á undan að biða í FYLLSTU MERKINGU þess orðs. Og sú tilfinning varð áþreifanleg. Svona aðstæður er hvorki hægt að bæta við né stjórna. Málið fjallaði um traust við aðstæður þar sem beið var eftir einhverjum sem kom aldrei. Ég vildi sýna að traust væri óþrjótandi og hægt væri að fara kæruleysislega með það.

ATFERLISMYNSTUR OG SJÁLFSMYNDIR

Samskipti okkar byggjast að mestu á því að við setjum upp grimur. Í verkinu »Mús og menn« var grimma gríma. Ég hélt matarboð fyrir fólk sem þekktist ekki innbyrðis og fæst við mismunandi hluti. Fólkíð átti að hittast fyrir utan samskiptalandhelgi sem það þekkti. Þegar líða tók á kvöldið slóst mús í hópinn. Þegar við borðum saman, skemmtum okkur og látum okkur líða vel hóum við saman fólkí sem gæti hæglega farið í hársaman, en viljinn til að láta sér líða vel verður öðru yfirsterkara. Sáttfýsnin. Þegar hægt er að mæta skoðunum annarra og bera virðingu fyrir þeim.

SJÁLFSLSKA OG HUGSJÓNIR

Það má væna manneskju um sjálfsefni en það má líka kalla það jákvæða einstaklingshyggju. Í dag má sjá tvær stefnur. Annars vegar fólk sem framkvæmir hluti innan ramma einkalífsins í nánasta umhverfi sínu. Hins vegar borgarastyrjaldir og hagsmunaaðreksa þar sem blóði er úthellt og borgir settar gegn borgum. En það er hægt að nota listina, arkitektúr og önnur listform til að hafa áhrif á skoðanir fólks. Á tímum módernismans var HUGSJÓNINNI hampað sem ráðandi afli. Í dag kemur það að innan úr okkur sjálfum.

Þýtt úr sænsku: Erla Sigurðadóttir



*Elin Wikström,
What does a human being do when there is nothing to be done? 1996.*

*Elin Wikström,
Rebekka biður eftir Önnu,
Anna biður eftir Sesseliu,
Sessella biður eftir Marie ...
1994.*





Marianne Lindberg de Geer,
Ég hugsa um sjálfa mig. 1993.
Blönduð tækni, 335 stk. (hluti).







*Peter Bonde,
Hired Tongue Banner. 1993.
Blek prent á PVC.*

*Peter Bonde,
Hired Tongue. 1993.
Olía, blek á striga.*

ENTER: LÍKAMINN

DORTHE ABILDGAARD

EINMITT ÞEGAR HEIMURINN HEFUR VIRST ALLT AÐ ÞVI FYRIRSEGJANLEGUR ...

hefur listin megnað að kollvarpa vanabundnum viðhorfum og hugmyndum. Til þess beitir hún ýmsum aðferðum sem ekki er alltaf jafnauðvelt að henda reiður á.

Líkaminn er í sviðsljósinu nú fremur en nokkru sinni fyrr. Hann getur falið og afhjúpað; af því að hann er kvikur getur hann klæðst ýmsum búningum og verið fleira eitt. Hann er ekki lengur fastur kjarni einstaklingsins eða varanlegt form. Líkaminn er hluti af menningunni og sögunni. Reyni hann að vikjast undan því, verður bara enn ljósara að hann er ekki aðeins líkami þinn heldur líka umheimsins.

MÁLIÐ SNÝST UM LÍKAMANN

um líkamann og úrgang hans sem hluta af hinu listræna ferli; um sundraðan líkama og hinn hugsanlega, stjórnláusa líkama sem er örskotsstund laus undan oki sjálfins, skynsemi þess og tilvist. Líkaminn er hvorttveggja í senn efni og andi í listinni.

Málið snýst því ekki um: eftirlíkingu af líkamanum eins og þekkt er úr gamalli, hefðbundinni list, um samsömunarvanda (áhorfandans) eða um að segja pólitískan og félagslegan »sannleika« um líkamann nú á tímum.

Það einkennir list Peters Bonde, Christians Lemmerz og Iben Dalsgaard að líkaminn er bæði sjálfsvera og hlutur í iskyggilegu uppgjöri við áhorfandann. Tveir veruleikar rekast á – veruleiki listarinnar og veruleiki áhorfandans – og festa líkamann, sem á horfir, í fljótandi »rými«. »Rými« þar sem nýjar hugmyndir geta mótast – um líkamann í listinni og í heimi veruleikans.

AÐ MÁLA MEÐ TUNGUNNI

Grimuklædd og varin birtist nafnlaus vera sjónum okkar. Hún hefur dregið grænan ruslapoka yfir höfuð sér. Á pokanum er svartur flekkur. Höfuðið er hulið og hendurnar eru varðar þunnum plasthönskum.

Plastmyndin af málaranum Peter Bonde sýnir frosið andartak. Hún er nokkurs konar heimild um hvernig Bonde hefur unnið myndaröðina »Hired Tongue«: hvernig hann hefur klæðst plastpoka, dýft tungunni í túss og sleikt hvert einlitt léreftið á fætur öðru. Listamaðurinn hefur notað tunguna sem pensil.

»PLASTPOKINN ER NEYÐARÚRRÆÐI. ÞAÐ ER AF ÞVI AÐ MIG LANGAÐI EKKI TIL AÐ FÁ ALLA ÞESSA MÁLNINGU Á TUNGUNA ... SVO VERÐUR MYNDIN AUÐVITAÐ TIL ÞESS AÐ ÞAÐ RÍSA UPP HUGRENNINGATENGL VÍÐ KU KLUX KLAN EÐA BANKARÆNINGJA SEM HEFUR DREGIÐ NÆLONSOKK YFIR HÖFUÐIÐ. EN MAÐUR GETUR SAGT AÐ ÞAÐ SÉ EINS OG HVER ÖNNUR AUKAGETA.» [1]

HIN TALANDI TUNGA

hefur fengið nýtt mál sem lagar sig ekki lengur að rökrétrí byggingu orðræðunnar en setur í staðinn mark sitt á hvert léreftið á fætur öðru – af innsæi einu saman. Líkaminn fær þar með eigið mál í listaverkinu – sem listrænt verkfæri og tjáning. Líta má svo á að myndin dragi dár að list sem hengir utan á sig heimspekikenningar. Í stað þess að láta tungumálið stjórna því hvernig er málað, lætur Bonde orðláusa tunguna tala í verkinu. Á þann hátt eykur hann möguleikana á samspili milli eigin líkama og hins einlita málverks. Í sömu mund og plastmyndin af listamanninum visar ótvírætt til þess hvernig er málað, má túlka hana á annan hátt þar eð hún skirskotar í ýmsar áttir. Framsetningin er þá tvíræð og bendir á – eins og listamanninum er ljóst – að við lesum í myndina merkingu sem ekki er endilega víst að listamaðurinn hafi ætlað að ljá henni.

EN MAÐUR Á EKKI AÐ LÁTA GABBA SIG!

Þó að hægt sé að gleðjast vandræðalaust yfir samspili líkamans og málverksins, vokir háðslegt nafn verksins yfir, »Hired Tongue« (Leigutunga). Það er athugasemd eins og svo mörg heiti á myndum Peters Bonde. Meðan venja er að nöfn mynda lýsi þeim, velur Bonde heiti sem fela í sér gagnrýni og biræfna afstöðu til listastofnunarinnar.

Í viðtali segir Bonde að hann hafi notað heitið »Hired Tongue« til að tjá eigin vonbrigði eftir tiltekna sýningu. [2] Rétt eins og menn í bandaríska kvikmyndaiðnaðinum leigðu handritshöfunda á þriðja áratugnum og kölluðu þá »Hired Hand« þannig leið Bonde eftir þessa sýningu eins og hann hefði verið leigður listamaður sem skyldi framleiða listaverk eftir pöntun. »Hired Tongue« er þess vegna athugasemd við hlutverkið sem Bonde fannst hann gegna á sýningunni.

Heitið visar til þess hvernig málverkið er gert en er um leið meinlegt með tilliti til sleikjanna á léreftinu og vikur þannig að persónudýrkuninni sem enn er við lýði á ýmsum sýningum. Sem listamenn geta menn ekki einangrað sig frá leik listalífsins en þeir geta tekið þátt í honum af vissri kaldhæðni.

»HJÁ MÉR SNÝST ÞETTA UM MÁLVERKIÐ. HVORT SEM ÉG ÞEYSI SPÝJUNNI Á LÉREFTIÐ, SLEIKI EÐA SPÝTI MÁLNINGU Á ÞAÐ, ÞÁ HVERFIST ALLT SEM ÉG GERI UM MÁLVERKIÐ.« [3]

Tvennt einkennir vinnu Bondes með líkamann í málverkinu: Annars vegar hvernig hægt er að nota líkamann sem áþreifanlegt efni og gera hann hluta af verkinu; hins vegar hvernig líkamsúrgangur megna að leikast á við hefðir og efni í málralist. Bonde ætlar sér ekki að tjá nein sannindi um tilvistina með líkamanum, hann vill fremur hlutgera hann – gera hann að verkfæri.

HÁGLJÁA GUBB

Myndaröðin sem ber heitið »Upside-down/Inside-out« eru lítil málverk með æluflekkjum sem eru vandlega lakkaðir. Andstæðurnar í efnissamsetningunni eru æpandi. Gubbið er kyrfilega lakkað með hágljáa og þannig er gert upp við ónotakenndina sem við tengjum yfirleitt úrgangi líkamans og útferð. Bonde vinnur hér meðvitað gegn alþekktum efnismátum og tengir fernise-ringuna – sem yfirleitt er lokapunkturinn í æðri listum – nýrri efnissamsetningu. Í áþreifanleika sínum beinist ælan gegn hugsjónarembingi æðri lista.

POPPSTJARNAN DIANA ROSS SKRÆKTI FRAMAN Í GARGANDI ÁHORFENDUR Í SÖNGNUM »UPSIDE DOWN, INSIDE OUT«

meðan Bonde kastar upp andspænis Diönu Ross og menningariðnaðinum sem lætur jafnan undan kröfunni um að úthella sjálfum sér í nafni listarinnar: kastar upp andspænis hefð þar sem áhorfandinn getur jafnan fengið kitlandi fullnægingu ef hið listræna »ég« er til sýnis.

Í stað þess að að færa áhorfendum persónulega játningu, hefur Bonde gefið okkur brot af sjálfum sér, hvort það er sleikur eða æla, kemur í sama stað niður. Listamaðurinn er á staðnum – ekki bara í krafti hefðbundinna pensilstrokanna – heldur sem raunverulegt efni, úrgangur, hann er líkamlega nærri á léreftinu. Og í nærveru sinni hefur hann áskilið sér rétt til að tjá tilfinningar sínar hömlulaust og um leið kærir hann sig kollóttan um ríkjandi viðmið í umhverfinu. Sálin sækir tungutak sitt til allra átta en hún á líkamanum mest að gjalda og því sækir hún frekast til hans. [4]

Peter Bonde,
Upside-Down/Inside-Out. 1993.
Æla, blek á striga.





**Í EINUM AF SÝNINGARSÖLUNUM
STENDUR SULTUKRUKKA Á
STÖPLI. ÞAR LIGGJA ÞEIR –
LIKAMARNIR – NIÐURSOÐNIR Í
EITT, TVO, ÞRjú ...
JÁ KANNSKI 1000 AUGU.**

Ég get ekki haft augun af þessum
stjörfu, blindu augum. Þau liggja í
upplausn – formalíni – sem kemur í
veg fyrir að þau rotni. Örmsár hluti
af líkamanum – augað – tekinn
traustataki af listinni. Sultukrukka
listamannsins Christians Lemmerz,
full af augum, fjallar um skynjun,
um það að sjá og skynja hinn sýni-
lega heim.

**»ÞETTA ERU BLIND AUGU. ÞAÐ ER FYNDIÐ.
ÞAÐ ER ALVEG EINS OG BLINDUR STARI
Á BLIND AUGU ... ÞESSI AUGU ERU ÚRGANGUR
– TIL DÆMIS BORDUM VIÐ ALDREI SVÍNSAUGU.
ÞAU ERU LÍKA ÚRGANGUR Í YFIRFÆRÐRI MERKINGU,
ÞVÍ AÐ VIÐ NOTUM EKKI AUGUN LENGUR.
VIÐ ERUM BLIND. JAFN STAURBLIND OG GLUGGAGÆGIR.
HANN SÉR EKKERT ANNAÐ EN EIGIN ÍMYNDANIR,
ALDREI RAUNVERULEIKANN. ÞAÐ MÁ LÍKA LÍTA SVO Á AÐ
BLINDA AUGAÐ SÉ HIÐ HUNGRAÐA AUGA,
SKOÐA ÞAÐ SEM ALGJÖRA ENDURNÝJUN
Á SJÁLFU FERLINU »AÐ SJÁ» [5]**



*Christian Lemmerz,
Blind. 1992-93 (hluti).*

*Christian Lemmerz,
Weisser Eiter. Haut. Blind.
1992-93. Innsetning.*

Þegar við horfum á þessi augu mætir okkur tómt augnaráð sem endurkastar augnaráði okkar. Líkt og handbók í líffærafræði hefur klíniska afstöðu til mannslikamans og einstakra hluta hans, hneigist augnaráð okkar til að rannsaka þessi augu sem hluti, svipt öllum persónueinkennum. Merking augnanna kviknar þegar á þau er horft. Hún felst ekki í sjálfum hlutum (augunum) heldur í því hvernig við horfum á hann. Listin sjálf hefur ekki lengur neitt markmið, hún er að viti Lemmerz miðill sem spannar miklu stærra svið en tungumálið.

Í sama sýningarsal liggur hvítur líkami á gólfinu og niður úr loftinu hangir margra metra löng glær plastslanga með mjólkurhvítum vökva. Einstakir hlutar verksins mynda »rými« þar sem líkami áhorfandans verður hluti af heildinni.

Verk Lemmerz hafa verið kölluð umhverfisskúlptúrar: þá er vísað til þess að veruleiki listaverksins er tengdur veruleika áhorfandans milliliðalaust. Okkar eigin líkami virðist mynda brothætta andstæðu við innsetninguna (installation) og óhlutbundna sviðsetningu af sundruðum líkama.

Hvíti líkaminn á gólfinu er ekki hinn holdlegi líkami – bara mannshúðin ein, tómt hulstur. Maður »deyr« til að rísa upp í nýrri mynd.

Afsteypan af manninum þvingar áhorfandann til að taka afstöðu til sambandsins milli eigin tilvistar og sílikonafsteypunnar. Með því að velja einingar úr veruleikanum – svinsaugun, afsteypana af manninum og vökva plastslöngunnar – og sleppa öðrum, vekur Lemmerz athygli á hvað líkaminn er tiltækur á margvislegan hátt: sem hlutur er menn rannsaka frá sjónarhóli læknisfræði og sjúkdómsgreiningar; sem ímynd hins sálaða líkama; sem líkamsvökvi í plastslöngu sem ber svip af lækningatóli.

Líkami áhorfandans bregst öndverður við sundruðum líkómum Lemmerz – en gerir sér í sömu mund ljóst að hann er sjálfur sundraður líkami. Hann er á staðnum bæði líkamlega og andlega, sem líkami með skynjun og sem söguleg sjálfsvera er nemur heiminn og gefur verkinu merkingu.

STAFLI HANDLEGGJA OG FÓTLEGGJA

er í verkinu »Gebein« nálæg mynd klisjunnar – dauðans – og hversu fjarri hún er okkur. Fjöldagröfin er eins og klippt út úr myndasafni fjölmiðla og henni ritstýrt í haug af skúlptúrbrotum.

»ÞESSI HÖGGMYND ER GREINILEGA SPROTTIN AF ÞEIRRI STAÐREYND AÐ HELFÖRIN GETUR ENN ÁTT SÉR STAÐ. EFTIR FALL MÚRSINS, EFTIR KERFISHRUNIÐ MIKLA ER HELFÖRIN ENN RAUNHÆFUR MÖGULEIKI. RAUNHÆFUR OG SAMT FINNST MÉR ÞAÐ FULLKOMLEGA ÓRAUNVERULEGT. Í LISTINNI REYNIR MAÐUR EINMITT AÐ TENGJA ÞESSA ÓRAUNVERULEIKATILFINNINGU VERULEIKANUM SJÁLFUM. UM LEIÐ ERU ÞESSIR HANDLEGGIR OG FÓTLEGGIR GREINILEGA GIFSAFSTEYPUR OG ÞAR MEÐ VÍSA ÞÆR TIL HRUNS HÖGGMYNDARINNAR, TIL GRIKKLANDS, TORSO, BROTA O.S.FR.V. – OG TIL OKKAR EIGIN VITUNDAR UM LÍKAMANN SEM ER ALLTAF BROTKENND.« [6]

Viðleitni listaverksins til að takast á við veruleikann felur í sér að það hafnar þessum sama veruleika. Dauðinn er orðinn klisja, eins og Lemmerz er fullljóst.

»Gebein« er heiðarlegri í sviðsetningu sinni á dauðanum en sú mynd sem fjölmiðlarnir draga upp. Hún sýnir dauðann sem þá klisju, sem hann er orðinn í fjölmiðlaheimi á útopnu eftir efni. Fyrir tilstilli fjölmiðlanna

sjáum við allt – við erum alls staðar. En engu að síður sjáum við alls ekki neitt. Myndin af fjöldagröfinni er merkingarríkari en kyrrstaðan – dauðinn – sem hún er mynd af.

Spurningin um að hve miklu leyti nútímalist geti fengist við að tjá hið almenna og eilífa virðist hafa ratað á kaldhæðnislegan sannleika í klisjunni.



Christian Lemmerz, Gebein. 1992-93 Gifs, vír.

**EINHVERJIR KYNNU AÐ VERA
ÞEIRRAR SKOÐUNAR AÐ ÞAÐ
VÆRI ERFITT AÐ SEGJA
NOKKURN SKAÐAN HLUT
UM VERK IBEN DALGAARD.
»AÐ ÞAÐ SE AUGLJOSLEGA
EKKI HÆGT AÐ SKRIFA UM
ÞAÐ SEM ER EKKI!«**

Því að þau verk Dalgaard sem verða á sýningunni, fyrirfinnast ekki þegar þetta er skrifað. Það er bara til hugmynd – það sem hún gengur út frá ásamt skissukenndri lýsingu á innsetningu hennar. Þessi orð verða því að vera inngangur – ef mögulegt er – að verkinu, hvernig svo sem það verður. Hláturinn er oft frelsandi. Sem hugmynd hefur hann verið Dalgaard hvati í viðureign hennar við líkamann. En það er ekki hlát-

urinn eins og við þekkjum hann best, t.d. ekki hláturinn sem við deilum með öðrum þegar við sjáum skemmtilega mynd í bíó. Það er hlátur sem sprettur af hlægilegri list. Dalgaard gengur út frá kvikum líkama (áhorfandans) – bæði efni og huga – sem alltaf getur breyst með nýjum aðstæðum. Líkama sem verður frá sér numinn í krafti hlátursins og getur þá haft takmörk sín að engu.



Iben Dalgaard, *Only when I laugh*. Látbragðsleikarinn Þývind Kirchoff. 1996.

»LÍKAMINN ER Í BRENNIDEPLI EN ÞAÐ ER EKKI HÆGT AÐ LITA Á HANN ÖÐRUVÍSI EN SEM ÁSTAND. ÁSTAND SEM ER SÍFELLDUM BREYTINGUM UNDIRORPIÐ AF ÞVÍ AÐ HANN GETUR ALLTAF SKIPT UM GERVÍ OG BIRST Á ÓLÍKA VEGU. LÍKAMINN HEYRIR ÞÉR EKKI TIL HELDUR AÐSTÆÐUNUM AF ÞVÍ AÐ HANN Á KOST Á AÐ VERA Í HVADA SAMHENGÍ SEM ER. LÍKAMINN ER NÚÍÐ; HANN SMEYGIR SÉR INN OG ÚT ÚR RÝMINU AF ÞVÍ AÐ HANN GETUR EKKI VERIÐ TRÚR ÖÐRU EN HRIFNINGU AUGNABLIKSINS. ANDARTAKS FULLNÆGJA, ÞAR SEM LÍKAMINN ER Í SAMHLJÓMI VIÐ UMHVERFIÐ, OG Á NÆSTA ANDARTAKI STENDUR HANN EFTIR TÓMUR OG BÍÐUR NÆSTA ÁFANGASTAÐAR.« [7]

Þegar Dalgaard fæst við líkamann í verkum sínum hefur hún fyrst og fremst leitast við að efla boðskipti milli verks og áhorfenda. Formið sem hún velur, innsetningin, er því engin hending. Hún kallar á líkama áhorfandans og miðast oft við að hann sé virkur í merkingarsköpuninni. Rétt eins og hjá Lemmerz beinist verkið ekki aðeins að »höfði« og hugsun áhorfandans heldur einnig að líkama hans. Því verður merkingin ekki lesin úr listaverkinu einu heldur sprettur hún af upplifun og reynslu í samspili áhorfanda og verks.

Þegar Dalgaard talar um »hér og nú listaverksins« merkir það að líkami áhorfandans tengist tíma og rúmi verksins. Það er því hægt að túlka listaverkið á ýmsa vegu allt eftir því í hvaða samhengi það er hverju sinni. Merking þess verður þá að sinu leyti ófyrirsegjanleg.





[1] Óbirt viðtal Dorthe Abildgaard við Peter Bonde í júní 1996. Kaupmannahöfn.

[2] + [3] Sama stað.

[4] Carsten Jensen. Sjælen sidder i øjet.

Gyldendal. Kaupmannahöfn 1985.

[5] Samtal Christians Lemmerz og Christians Gether í sýningarskrá sýningarinnar ABFALL. Vestsjællands Kunstmuseum. Sorø 1993, 6.

[6] Sama stað, 7.

[7] Óbirtur texti eftir Iben Dalgaard. Líkaminn út og inn úr rýminu. Kaupmannahöfn 1996.

[8] + [9] Sama stað.

»HLÆGILEGUR STENDUR HANN Í ÞESSU RÝMI. LÍKAMINN. BÍÐUR. EFTIR MERKINGU. Á VON Á ÚTSTÁELSI, SKANNAR, FINNUR HLUTI, SJÓNARMÍÐ (ER ÞAÐ NÚNA SEM ÞAÐ GERIST?): RÍK MERKING FYRIR TILSTILLI LISTARINNAR. EN ÞAÐ GERIST EKKERT, LÍKAMINN HARÐLÆSTUR, EKKERT SÉST, SJÁLFUR TRÚIR LÍKAMINN EKKI Á BREYTILEIKANN SEM SKILYRÐI. HVAD SÉR LÍKAMINN?» [8]

Meinlaus list reynir að styrkja með okkur ríkjandi viðmið. Við lendum ekki á hálum is og missum ekki fótanna. Dalgaard ætlar sér annað. Hláturinn grípur líkamann traustataki hrifningarinnar, tæmir hann, töfrar fram frjálst og svífandi ástand.



»HLÆJANDI STENDUR HANN Í ÞESSU RÝMI. LÍKAMINN.BÍÐUR. EFTIR MERKINGUNNI. OG HLÁTURINN HELDUR EKKI AFTUR

AF SÉR; SJÓÐANDI FER HANN SÍNA LEIÐ UM BLÓÐRÁSINA, EINS OG ROÐINN, ÞVI AÐ EKKERT GERIST OG MERKINGIN STELST Á VETTIVANG SEM SPURNING UM LÍKAMANN SJÁLFAN. HANN REYNIR AÐ HALDA DAUÐAHALDI Í HIÐ ÞEKKTA. OG DAUÐAHALDIÐ BRESTUR Í HLÁTUR OG HLÁTURINN OG MERKINGIN GEFAST UPP FYRIR KRAMPAKENNDU OFBELDI LÍKAMANS (ÞAÐ ER NÚNA SEM ÞAÐ GERIST!) ÞVI AÐ MÖGULEIKARNIR ERU ÓTALDIR OG ENGINN HEFUR SKEYTT UM NOKKURN ÞEIRRA FYRR.

&

OG STENDUR ÞARNA.

LÍKAMINN. Í RAUN OG VERU.

ER HANN Í RAUN OG VERU MINN?

MITT?

ÉG?» [9]



LÍKAMINN Í LISTINNI

SUSANNE RAJKA

«ÞEGAR ÉG MÁLA, REYNI ÉG ALLTAF AÐ MÁLA MYND AF EINHVERJU SEM FÓLK BÝST EKKI VIÐ AÐ SJÁ OG REYNDAR HELST AF MYND SEM FÓLK VÍSAR Á BUG. ÞAÐ ER ÞETTA SEM ÉG HEF ÁHUGA Á. AÐ ÞESSU LEYTINGU REYNI ÉG ALLTAF AÐ SKAPA ÓRÓA. ÞAÐ ER AÐ SEGJA, ÉG GEF MANNINUM MYND AF SJÁLFUM SÉR ÞAR SEM ERU TIL STAÐAR ALLIR ÞÆTTIR HEFÐBUNDINS MÁLVERKS, EN SETTIR SAMAN Á ÓVÆNTAN OG TRUFLANDI HÁTT ÞANNIG AÐ MAÐURINN KEMST EKKI HJÁ ÞVÍ AÐ TAKA Á ÞEIM SPURNINGUM SEM ÉG VEK.»

PABLO PICASSO [1]



HVERS VEGNA EINMITT LIST?

Sýningunni «Líkamsnánd», er ætlað að höfða til norræna ungmenna, aldurshóps sem ekki kemur oft á listasöfn. Við sem daglega vinnum með list spyrjum okkur sjálf að því hvers vegna svo sé. Er hugsanlegt að við höfum gleymt að skapa grundvöll fyrir tjáskipti milli listarinnar og ungs fólks? Og hverju er um að kenna; hefðinni, foreldrum, söfnunum eða kennurinum? Eða er hugsanlegt að löngun eftir að sjá «fállegar myndir» hafi dvinað í samfélagi okkar þar sem við erum sífellt að taka afstöðu til mynda af ýmsu tagi?

En listin lýsir ekki alltaf «hinu fagra». Og það sem við álitum ekki list í dag getur talist list á morgun. Engum hefði dottið í hug að töfrahlutir fornaldar eða reiðhjólá-gjörð frá byrjun aldarinnar yrðu álitin listaverk. En þannig er því varið og ef við viljum vita af hverju er svarið að finna í listasögunni. Listasagan fjallar ekki aðeins um list og listamenn heldur einnig um heimspeki, goðafræði og samfélagsþróun. Því list er hugtak sem spannar vitt svið allt frá upplifun okkar á veruleikanum til drauma okkar.

Nú á tímum þarf sjónræna listin ekki á að halda veggjum til þess að hanga á eða stöplum til að standa á. Því myndlist getur verið einstök uppákoma (gjörningur) framkvæmd t.d. úti á götu eða verið skráð listræn hugmynd í stað «tilbúins» listaverks. «Hvað er list?» er hin sigilda spurning. Það næsta sem við komumst svarinu er að segja að list verður að hafa inntak sem lýsir skoðun. Það er ekki hægt að gefa nákvæma skýringu á því hvað sé list, það eru hinsvegar við mennirnir sem höfum hæfileikann til þess að skapa og að ákveða hvað það sé sem við kjósum að lita á sem list.

*Christian Krohg,
Sent eftir lækninum. 1881-82.
Olía á striga.*

HVERS VEGNA ENDILEGA LÍKAMINN?

»Skoðaðu heiminn á nýjan hátt, notaðu augun« eru endurteknaðar áskoranir sem þú heyrir á listsýningum. Heldur fólk að þú sért sjónlaus? Við mennirnir litum í kringum okkur, tökum eftir öðru fólki á augabragði. Einstaka sinnum stöldrúm við við því það að sjá gamla, fingerða konu vekur upp bernskuminningar, en aftur á móti minna þunglamalegar hreyfingar feitlagins manns okkur á eitt-hvað sem við vildum hafa látið ógert. Við horfum meira á þá sem eru í minnihluta, fallega eða skringilega fólkið, þá sem af einhverjum ástæðum skera sig úr fjöldanum. Og alls staðar getum við séð hvernig ætlast er til að við litum út: ung, falleg, sálfsörugg og velheppnuð. Við sjáum það á götunum, í sjónvarpinu, í bíómyndum, í búðargluggum og lesnum um það í dagblöðum og tímaritum.

Þegar við kynnumst einhverjum er það persónuleiki og athafnir persónunnar sem fullkomna þá mynd sem við gerum okkur af viðkomandi. En við fyrstu sýn af ókunnri manneskju er það líkami hennar sem hefur mest áhrif. Því við vitum að undir umbúnaði úr ull, silki eða rósótttri bómull er líkaminn, þessi magri, feiti, ungi eða gamli líkami. Þetta líffræðilega furðuverk gert úr vatni, blóði og vöðvum sem stynur, kvelst, elskar og hrörnar. Nú á tímum eru jafnvel átta ára börn orðin upptekin af líkama sínum og unglingar reyna, oft í örvæntingu, að móta líkama sinn eftir hinum óskráðu en þó gildandi stöðlum um útlit. Oft er þetta ekki gerlegt og endar jafnvel með sjúkdómi og örvæntingarfullum aðgerðum. Þó er því ekki þannig varið að við höfum ekki gleði af líkama okkar; þessu frábærasta hljóðfæri í heimi með mörgum líkamlegum og sálrænum möguleikum og einnig miklum takmörkunum.

FYRIRMYNDARLÍKAMINN

Enginn skyldi láta sér koma til hugar að dýrkunin á hinum »fullkomna líkama« sé eitthvað sem aðeins tilheyrir okkar öld. Hún er miklu eldri en svo. Um það bil 450 árum fyrir okkar tímatal var útbúið sérstakt mælikerfi innan hefðbundinnar grískrar myndlistar fyrir myndhöggvara. Þetta kerfi miðaði að því að myndhöggvarar

sem notuðu það gætu búið til stytur sem sýndu líkama ungra manna, stæltu og í fullkomnu samræmi við sýn tíðarandans á hvað væri fagur líkami. Í lok miðalda fóru evrópskir visinda- og listamenn að horfa aftur til menningar fornaldar. Þetta hafði mikil áhrif á endurreisnartímanum en þá varð maðurinn, líkami og andlegt atgervi, að miðpunkti alheimsins án þess þó að kastað væri fyrir róða sýn hefðbundnu listarinnar á hvað væri hinn fullkomni líkami. Frá 17. öld skiptast á hinar blómlegu, holdugu fegurðar myndir og hinar hefðbundnu, allt fram til okkar daga að áhugi vaknaði fyrir andstæðunum, kvenlegum karlmönnum og karlmannlegum konum. En að reyna að fylgja eftir hinum yfirþyrmandi kröfum nútímans um líkamlegt útlit er kannski erfiðast fyrir ungt fólk.

Allt bendir til að fólk hafi alltaf verið upptekið af líkama sínum, og það var alltaf einhver til staðar sem hafði hæfileika til að myndgera hann í samræmi við breytilegar áherslur. Við sjáum það í styttunni af frjósemisgyðjunni með stóru mjaðmirnar, hinni 15.000 ára gömlu Venus frá Willendorf og einnig í okkar eigin hellaristum af karlmönnum með reista getnaðarlimi. Listamenn teiknuðu líkama og endursköpuðu hann með nýrri tækni í ný efni í takt við tímann. Það gera þeir enn í dag allt frá hinum yngsta myndhöggvara til hins elsta listmálara, frá Kína til Norðurlanda.

FATNAÐUR OG FÉLAGSLEG SJALFSVITUND

Að hylja myndgerða líkama fötum var í fyrstu tákni um siðgæði sem fljótlega breyttist í stöðutákni í ákveðnu félagslegu samhengi. Föt geta líka gefið til kynna ákveðið tímabil og vísað til samfélagsins og sérkenna þess. En til að fræðast betur um mannveru sem við þekkjum ekki er ekki nægilegt að sjá hvernig hún klæðir sig. Við þurfum einnig að skoða önnur atriði, eins og líkamsbyggingu og tjáningarmynstur. Og listamenn þekjja þessi tákni tjáningarinnar. Tökum sem dæmi málverkið »Sent eftir læknum« eftir Christian Krohg. Félagslega meðvitaðan

málara sem vildi mála »sannleikann, hreinan sannleika, óþægilegan sannleika«. Árið 1886, fjórum árum eftir að þessi mynd var máluð kom út bókin »Albertine« eftir Krohg sem var undireins gerð upptæk. Bókin lýsir örlogum ungrar stúlku sem varð fórnarlamb vændis og lögregluvalds í Kristjaníu þeirra tíma. [2] Þessi sama félagslega meðvitund kemur skýrt í ljós í myndinni okkar sem lýsir auðsjáanlegum stéttarmun. Annars vegar er smávaxna horaða konan í fábrotnum fötum og hins vegar velklæddi hávaxni lækniþinginn sem myndugleikinn og valdið lýsir af.

Enginn vafi er á því hver það sé sem valdið hefur þegar titið er á »Jens« í mynd Jean Heibergs, sem máluð er þrettán árum síðar. Hinn trausti og rólyndislegi bóndi sem stendur fyrir framan húsið sitt þekkir stöðu sína. Landslagið og maðurinn eru norsk. En hvernig málarinn lítur framhjá smáatriðunum, þjappar myndrýminu saman og malar litina sem mynda stift jafnvægi með hröðum pensilstrofum, bendir til erlendra áhrifa, nánar til tekið til áhrifa frá París. Borgin var vaggja nútímalistarinnar og þar bjuggu listamenn alls staðar að úr heiminum þar á meðal frá Norðurlöndunum. Heiberg var einn þeirra. Hann nam hjá einum af frumherjum nútímalistar, Henri Matisse ásamt hópi annarra Norðmanna og Svía og Íslendingnum Jóni Stefánssyni. Eftir fjögurra ára dvöl í París kom Heiberg heim til Noregs. Þar runnu saman frönsku áhrifin og hæfileiki hans til þess að lýsa einstaklingsbundnum sérkennum fyrirsætanna. Það var líka í París sem reglur um hefðbundna list glötuðu endanlega merkingu sinni. Það sama átti sér einnig stað með kenningarnar um það hvernig listaverk ætti að vera og úr hvaða efni. Og þetta var bara byrjunin. »Assemblage« [3] eftir Björn Krogstad er dæmi hvernig hlutir þróuðust. Myndefnið er »áþreifanleg« ósköp venjuleg skyrta. Líkamann sem klæðist henni, í þessu tilviki líkama listamannsins, vantar hins vegar. Þrátt fyrir það vitum við mæta vel hvernig hann lítur út því hinn »dæmigerði« skyrtnotandi er einnig til staðar í myndinni. Hann brosir til okkar vatnsgreiddur frá auglýsingamynd. Lifandi pensilskriftin, viðhorfið til nýrra efna og tækni og ekki hvað síst ögrandi inntakið segja okkur hverskonar listamaður þessi listamaður er. Þessi myndi leiðir okkur inn í sjöunda áratuginn, stúdentaóeirðir og tíma Vietnam-stríðsins, tímabil þegar hin »syndsamlega« tillaga Erik Grønseths um fræðslu um getnaðarvarnir í grunnskólum olli gifurlegum mótmælum í Noregi. Hin fullkomna fyrirmynd kynferðilegs hreinleika var í stórhættu og meira en 3.000 kennarar skrifuðu til kirkjunnar í leit að aðstoð varðandi

þetta mál. Konur mótmæltu því að titið væri einungis á þær sem fórnfúsar húsmæður eða elskandi mæður og á sama tíma kom fram hjá fjölmiðlum það sem kallað hefur verið kynlífsbýlting. Á þessum árum urðu einnig mörkin milli lífsins, listarinnar, tækninnar og ólíkra listrænna tjáningarforma óljósari. Ungu listmálararnir voru oft einnig dansarar, sviðsmenn eða leikarar og titið var á þá sem hálfgerða uppreisnarmenn. Og það voru ekki aðeins hin nýju efni og tjáningarform sem Krogstad hafði tekið í notkun sem álitin voru ögrandi. Minni fólks nær skammt því enginn mundi eftir Christian Krohg þegar farið var að mótmæla myndum með pólitísku inn-taki líkt og samröðunarmynd (assemblage) Kjartan Slettemarks sem gagnrýndi Bandaríkin og varð að hafa lögregluvernd við. Því verk eins og þau sem Slettemark og Krogstad gerðu fengu ekki inni í listasöfnum og stærrí sýningarsölum Óslóborgar á sjöunda áratugnum.

LÍKAMINN Í KYNHLUTVERKI

Hvaða afstöðu taka norsk ungmenni til umræðunnar um væntingar, þarfir og bannhelgi í tengslum við hin fullkomna líkama og eigin líkama? Líkama sem, hvort sem þeim líkar betur eða verr, þeir verða að samsama sig með bæði í skólanum og í tómstundum. Líkama sem í samræmi við kröfur nútímans á að samanstanda af líffræðilegum andstæðum. Ef þú ert stúlka: stór brjóst en nærri sjúklega grannur líkami. Ef þú ert piltur: Vöðvar í yfirstærðum í stæltum þjálfuðum líkama.

Yngsti listamaðurinn á sýningunni, Anna Rita Nybostad fór til Finnlands í þeim tilgangi að ræða um þetta við finnsk ungmenni. Þrívíddar verk hennar sem sýnir samrunnin konu og mann varð til í samvinnu við skólabekk í Jyväskylä. Það sem tengir verurnar saman fyrir utan líffræðilega þáttinn er það hvernig þau bæði streða við að melta fæðuna sem þau neyta daglega. Fæðu sem er í formi náttúrulegra og unnina efna og er líkamanum nauðsynleg og andlegrar neyslu sem getur falist í upplýsingum um kynferðislegt atferli og hræðslunnar við eyðni ásamt vístfræðilegum hamföllum og atvinnuleysi.

Goðsögnin um hin karlmannlega mann og hina góðu móður á sér hefð í myndlistinni og myndefnið hin liggjandi kona á sér sérstakan sess í málalartistinni. Flestar þessar nöktu ungu kvenna sem með tímanum hafa glatað hinu goðsögulega kenninafni sínu, eru með rjóma-hvíta munaðarfulla líkama, fjarrænt eða tælandi augnaráð. Með framgangi kvinnahreyfingarinnar á áttunda



Edvard Munch,
Haf ástarinnar. 1897.
Lithógrafia.



áratugnum urðu til fleiri og fleiri kvenkyns listamenn sem höfðu ekki áhuga á að myndgera »fagra« naktar kvenlíkama. Þess í stað getum við fundið í feminískri list (»kvennaliste«) nærri því taumlausa kaldhæðni í garð kynhlutverkanna.

LÍKAMINN HANDAN SKYNSEMINAR

»Að elska. Það hef ég aldrei. Ég hef fundið til ástar sem flytur fjöll og sem umbreytir fólki – ást sem særir í hjartað og sem hefur drukkið blóð. En við enga hef ég geta sagt «Kona. Þú, þig elska ég – þú ert mér allt!« skrifaði Edvard Munch.[4] Munch, sem allt fram til dagsins í dag er þýðingarmesti listmálari og grafíklistamaður Noregs, átti í mótsagnakenndu sambandi við konur og það setti mark sitt á listsköpun hans. Munch missti móður sína á fimmta ári, og ólst upp hjá tilfinningaköldum föður, meðal kvenna, frænku sinnar og systra. Ein systra hans lést úr berklum og önnur var haldin ólæknandi geðsýki. Vangaveltur um konurnar og líkama þeirra, og hin mótsagnakenndu hlutverk sem þær virtust skapaðar til þ.e. ungu saklausu stúlkunnar, blóðheitu ástkon-

unnar, og hinnar "heilögu" móður, birtast aftur og aftur í myndum hans. Í myndinni »Haf ástarinnar« virðist konuhöfuð fljóta í vatnsyfirborðinu. Andlitssvipur hennar, lokuð augun og hárið sem sameinast öldunum túlka ástand líkamans sem er einhvers staðar milli algleymis og svefns. Við tökum varla eftir karlmanninum sem heldur dauðahaldi í hana. Í þessari grafíkmynd (litógrafíu) kynnumst við ekki aðeins persónulegri sýn á konuna heldur einnig skapandi grafíklistamanni. Grafíklistamanni sem með einföldum táknrænum línunum og fáum litum gat tjáð hugsanir sínar um hina eilífu spennu milli kynjanna.

Hinar dularfullu opinberanir Jóhannesar sem getið er um í Nýja testamentinu fjalla meðal annars um dómsdag og leyndardóma paradísar. Verk Frans Widerbergs fjalla um þessar leyndardómsfullu frásagnir. Listamaðurinn myndgerir í verkum sínum, bæði málverkum og grafíkmyndum, naktar og tímalausar mannverur í blaktandi alheimi. Í norskum listaheimi er lítið á Widerbergs sem einn af arftökum Munchs.

LÍKAMINN SEM FORM

Mathias Skeibrok mótaði mynd ungu, þreyttu stúlkunnar sem hefur sofnað á meðan hún var að kemba ull á tilfinningaþrunginn hátt. Fyrir rúmum hundað árum var þessi viðkvæmnislegi ungi líkami, sem hvílist í djúpum fellingum kjólsins, steyptur í skinandi brons. Stúlka að spila á gítar, verk Stinius Frederiksens, gert fyrir réttum sextiu árum, er hins vegar hvorki með sléttan eða glampanði líkama. Hún var heldur ekki mótuð í náúralískum stíl. Hún beygir höfuð sitt á líffræðilega ómögulegan hátt í átt að hljóðfærinu. Líkaminn er mótaður í einfalda drætti og hendur líkt og vélar, liggja þungt á hljóðfærinu. Mynd stúlkunnar var mótuð sem veggmynd ekki sem þríviddarmynd og við fáum á tilfinninguna að henni hafi næstum því verið þrýst með valdi inn í grófhöggvinn steininn. Þessir tveir líkamar vísa til tveggja ólíkra tímaskeiða og formskilnings. Fyrirnefndi listamaðurinn fylgdi hefðinni og líkti eftir náttúrunni. Sá síðarnefndi gerði enga tilraun til að nálgast raunveruleikann. Af listrænu frel-



*Stinius Fredriksen,
Kynning. 1936.
Málaður marmari.*



*Mathias Skeibrok,
Preyttur. (1896).
Brons.*

si endurskapaði hann líkamshluta í einföld, jákvæð og neikvæð, nærri geómetrisk (rúmfraeðileg) form og sameinaði þá á ný í listaverki, listaverki sem byggir á eigin forsendum. Við stöndum frammi þeirri spurningu sem Picasso, sá er fann upp kúbismann, hefur svo oft fjallað um. [5]

Kjell Erik Killi Olsen hefur mótað verk sín í gerfitrefjar yfir járngrindur og þau vísa hvorki til náttúrunnar eða tilrauna kúbismans að neinu leyti. Hinar dularfullu, nöktu og risastóru verur auka á andstæðu veruleika og draums. Gjörðir þessara vera sem eru hvorki fullorðnar né börn er hægt að túlka á tvíræðan hátt. Þessar manngerðu verur breytast stöðugt. Kvenleg form fá karlmannlega drætti og hin karlmannlegu fá kvenlega drætti. Mörkin milli fólks og dýra eru líka ógreinileg. Killi Olsen gerir jöfnum höndum teikningar, málverk eða þrívið verk af sýnum sínum. Þessar sýnir fjalla um fjarstæðukennda, ögrandi, leikna og truflandi fundi með tilvísun til hinna óraunhæfu krafna okkar um skynsemi og rökfestu.

LÍKAMINN SEM ORKA

Geðlæknirinn Wilhelm Reich, sem lést árið 1957, var upptekinn af umdeildri kenningu sem tengdist trúarbrögðum Austurlanda. Grunnhugmynd kenningarinnar var áður óþekkt orka sem hann kallaði »orgon«. Hann vildi sanna á visindalegan hátt að »orgon« væri til bæði í náttúrunni og innra með okkur sjálfum. Hann hélt því einnig fram að mannslikminn væri fær um að safna þessum orkusvæðum saman. Orka sem gat frelsað fólk frá líkamlegum og sálrænum óþægindinum. Til þess að geta »gómað« þessa samansöfnuðu orku, byggði Reich orgonskáp. Skápin bjó hann til úr ull, víði, gleri og stáli. Ætlunin var að leysa úr læðingi orgonorku í samanþjöppuðu formi en það átti að gerast sem afleiðing af viðbrögðum lífrænna efna gagnvart ólífrænum efnum í húsinu. Á sjötta áratugnum voru kenningar og aðferðir Reichs bannaðar í Bandaríkjunum en töluvert er um að sálfræðingar í Evrópi noti þær enn í dag. Þeir nota orgonskápana við sállækningar. En hvort orgonið hafi verið visindalega

sannað eða máttur þess til lækninga vekur ekki áhuga Marianne Heske. Hún vill með orgonhúsunum sínum aðeins sýna á sjónrænan hátt hvernig ólík efni mætast. Innsetningar hennar með stórum myndum af norsku landslagi, eru hluti af þessu. Með þessum stóru sprautuðu myndbandsmálverkum gerðum með tölvutækni ruddi hún nýja braut á niunda áratugnum. Heske staðfestir hvorki né visar á bug kenningunum um orgonið, en þrætir ekki fyrir áhuga sinn á þeim áhrifum sem húsin hennar hafa á okkur. Því það er einmitt þátttaka okkar og viðbrögð sem gefa hugmyndafræðilegri innsetningu hennar inntak.

LÍKAMLEGAR TILFINNINGAR

Óttinn hefur mörg andlit og ástæður fyrir honum geta verið áþreifanlegar eða óskiljanlegar öðrum en þeim sem upplifir hann. Nærri því heimspekilegur friður í bland við skelfandi tálsýn birtist okkur í málverkum Finn Faaborgs. Mannverur hans hreyfast hjóðlega



*Knut Rose,
Hjálpin. 1982.
Olía á striga.*

*Finn Faaborg,
Harmleikur. 1951.
Olía á striga.*

innan um fáa og einfalda innan-
stokksmuni, á göngum sjúkrahúsa
eða úti á götum. Þessar verur lita
allar eins út, með einfaldaða líkama
og sviplaus andlit. Listamaðurinn
sleppir öllum óþarfa smáatriðum og
sviðsetur heim þar sem við upplifum
hjálpavarna tilgangssleysi hversdags-
lífsins og ógnandi nærveru dauðans.

Mannshöfðum er raðað upp í útstill-
ingarglugga líkt og sigurbikurum í
verki Faaborgs »Tragedia«. Við sjáum
mann framan við gluggann, með
signar herðar og dapurt augnatillit.
Áhrifin fá okkur til að staldra við.
Erum við að horfa á hryllingsklefann
í húsi geðsjúklings eða eru við stödd
í Bosníu? Eða erum við einfaldlega

hrædd við það sem við erum fær
um að gera? Á hógværan hátt, með
fáum litum sem skapa hughrif,
stöndum við augliti til auglitis við
þann tilvistarótta sem við svo sjald-
an tökum afstöðu til.

Það er erfiðara að lýsa í máli
óttanum í myndum Knut Rose, því
þar er ekki um að ræða fólk heldur



einskonar manngervinga, verur sem vefja sig inn í flóknar og óvenjulegar stellingar í endalausum rými. Kannski er það vissan um að ekkert ákveðið svar er til sem vekur óhug í málverkum Rose. Hvar erum við? Hverjar eru og hvað gera þessar verur. Verður manninum sem kominn er að falli bjargað? Og sá sem átti að verða honum til bjargar, hverfur líkami hans inn í steinklöppina eða kom hann þaðan út? Tvíræðnin er á öllum sviðum einnig í byggingu myndrýmisins og áhrifum litanna. Litir í verkum Rose eru sérstakir og búa yfir fagaðri feegurð. Þessir litir ásamt áhrifum efnisins sem minnir okkur á kalksteinslög eða sýruétin málm eru samtengd hinu draumkennda teiknaða myndefni. Sem er gripandi og tekur mann föstum tókum.


»Hljóðlaust óp í endalausum lokuðu rými« er hinn mótsagna-kenni titill á grafikmyndaröð Arne

Bendík Sjurs gerðri með þurrnál 1971. Úr þessari myndaröð kemur þetta »smáptrykk« eftir Sjur. Hinir örsmáu skapningar hans virðast skriða út úr undarlegum, þunglamelegum og kuldalegum byggingum. Þessir skapningar með horaða líkama, uppblásna maga og stór höfuð horfa á okkur. Og það er ekki auðvelt að sjá hvort þeir séu að hlæja eða æpa af innlokunarskelfingu. Hinar yfirþyrmandi byggingar vekja þá óhugnanlegu tilfinningu að í hverju skoti leynist einhver af ofangreindum verum. Þessir smáu hræðilegu og óhugnanlegu skapningar sem taka á sig stækkaða mynd í huga okkar, minna okkur á hina óútskýranlegu nagandi angist sem við höfum flest einhvern tímann upplifað. Tilfinning fyrir óþægilegu andrúmsloftinu eykst vegna skarpra andstæðna sem skapast milli svörtu og hvítu strikanna.

AÐ LOKUM

Það að við höfum valið að fjalla um norsku verkin á sýningunni útfrá sögulegu sjónarhorni, er vegna þeirra umræðna sem við vonumst til að muni eiga sér stað í byrjun og við lok sýningarinnar, umræður um á hvern hátt listin hefur gegnum aldirnar varpað ljósi á þau eilífðar- og samtímavandamál er varða sjálfsvitund og tilfinningar mannsins.

Við vitum vel að myndlist er ekki meðal vinsælustu umræðuefna meðal ungmenna og ekki heldur milli unglinga og kennara þeirra. En ef þessi sýning getur gefið ölitla innsýn í listræna upplifun, sköpunarferli og það að hvernig við upplifum heiminn er viðfangsefni listarinnar, þá höfum við náð takmarki okkar.



HEIMILDIR

[1] *»Samliv med Picasso«, eftir Françoise Gilot, Osló, 1996 (frumtitill »Life with Picasso«, 1964), bls. 67.*

[2] *Þáverandi nafn Oslóar.*

[3] *Sérfræðiorð um listtækni frá okkar öld, sem merkir þrívíddarmynd eða veggmynd, samsetta mynd úr ýmsum efniviði. Í »Assemblage« getur einnig verið svokallað samklipp, álimdur pappír, efni o.þ.h. Orðið »assemblage« kemur frá franska orðinu »assembler«, að safna saman eða skeyta saman.*

[4] *Úr bókinni »Edvard Munch, Mennesket og kunstneren« eftir Ragna Stang, Osló, 1977, bls. 174.*

[5] *Sjá upphafstilvitnun.*

HEIMILDIR BLS. 38-39

[1] *Sjónvarpsþættir í USA.*

[2] *Aðalgatan í Osló: Karl Johan.*

Maður þarf ekki að sitja uppi með neitt allt lífið nema sinn eigin líkama. Hann fylgir okkur frá því að við fæðumst og þar til við gefum upp öndina hvort sem okkur líkar betur eða verr og hvort sem okkur líkar vel við hann eða ekki. Allir hafa líkama, en mismunandi form, lögun og litur valda því að ekkert okkar lítur eins út. Sumir eru grannir, aðrir magrir, sumir eru feitlagir, aðrir líkjast blýantsstrikum og hjá sumum er erfitt að greina nokkur form yfirleitt, og það er augljóst að slíkt getur valdið vandræðum! – Það er viðurkennd aðferð í samfélagi okkar að gera lagfæringar á líkamanum ef maður er ekki ánægður með upphaflegu gerðina, og flestir taka þetta gott og gilt. Þrátt fyrir að »Hollywood Women« [1] séu töluvert fjarri okkur, eða að minnsta kosti mér, ég veit ekki hvað þér finnst? En það er nú staðreynd að fegrunaraðgerðum fer fjölgandi. Ef til vill ertu óánægð með nefið, (já, mitt er vist of lítið...),

mjaðmirnar (nei, það er nú allt í lagi með þær) eða það sem algengast er, silíkon, saltvatnsfyllingar eða annað til þess að öðlast stærri brjóst (Hah, þess þarf ég nú ekki!) En það þarf ekki að vera svona flókið að breyta líkamanum, slepptu því bara að borða í nokkra mánuði og þú verður þú nákvæmlega eins og þú óskar; það verður hægt að sjá rifbeinin milli brjóstanna... Fullkomið. Þeir sem eru hvað iðnastir við »breytingar« finna upp á ótrúlegasta aðferðum til að plata líkama sinn, lækna, foreldra og ekki hvað síst sjálfan sig. Það sem átt er við m.a. lystarstol (anorexia), lotugræðgi (bulemia) og »nýr« hryllingur; lyfjaneysla. Vissir þú til dæmis að meðal venjulegra ungmenna í aldurshópnum 13 til 19 ára – nota 7% lyf til að fá stærri vöðva! Talan sjö af hundruði er kannski ekki svo ógnvekjandi í sjálfu sér, en þar sem ljóst er að hér er verið að ræða um skoðanakönnun meðal ósköp venjulegra unglunga en ekki A-liðið í vaxtarrækt, er talan samt sem áður of há. Tjónið sem af lyfjaneyslu stafar er því miður oft allt of alvarlegt til at hin stutta »nautn« sem því fylgir að ganga með kaktus undir handleggjunum geti vegið upp á móti því. »Nautnin« getur haft í för með sér ófrjósemi, hættu á blóðtappa og aðra kvilla sem afar og ömmur þjáast aðallega af, og svo ógrynni af filapenslum!

En af hverju hefur líkaminn svona mikla þýðingu? Hvers vegna er það hann sem hefur allt að segja um hvort maður verður velheppnaður eða misheppnaður? Hvers vegna er fyrirmyndin eins og hún er í dag og hver hefur ákveðið að hún eigi að vera svona? Að það sé best að vera grannur, er á vissan hátt allt í lagi. En hvers vegna höfum við aðeins eina fyrirmynd, og hvers vegna höfum við fyrirmyndir yfirhöfuð? Hvers vegna mega ekki allir vera eins og þeir eru og láta sér líða vel? Hugsid ykkur ef allir væru eins, ef allir hefðu fullkominn líkama eins og Claudia Schiffer, eða að allir piltar litu út eins og Marcus Schenkenberg! Hugsid ykkur hversu dásmelegt það væri að ganga eftir Karl Jóhannsgötu [2] og sjá ekkert annað en þessar undurfögru manneskjur! En leiðinlegt væri það. Maður gæti ekki glaðst yfir því að geta sagt: Ég er að minnsta kosti fallegri en hún! Eða: Hugsid ykkur að hafa svona

marga filapensla! Eða hinn niðurlægjandi ósigur: Ó, en hvað hún er falleg. Hver það er, sem skapar fyrirmyndirnar og ákveður síðan hvaða fatnaður hæfi best fyrir þessa fullkomnu líkama, veit enginn.



Ef til vill eru það tiskufrömuðir í París sem helst vilja ofurgranna kvenlíkama eins karlmannlega og mögulegt er; flatbrjóstá og mjaðmamjóa. En það er svo auðvelt að vera óréttlátur í garð fyrirmyndarinnar. Þrátt fyrir allt eru nú töluvert margar stúlkur sem lita þannig út; mjaðmalittlar, hafa ekki brjóst og ekki eitt einasta aukagramm af fitu. Hvað ættu þær að gera ef allar stúlkur ættu að lita út eins og Venus.. bæta við sig 20 kílóum og fá sér silíkonbrjóst? En þetta er einmitt mergurinn málsins. Það er alveg sama hvernig fyrirmyndin er, það mun alltaf vera einhver sem ekki passar inn í mynstrið. Alltaf verður einhver sem finnst hún vera misheppnuð, en aðrar hrósa sigri því hvorki fyrirmyndir né sorg yfir því að passa ekki í 70B hefur nokkra þýðingu fyrir þær. En þegar minnihluti norrænna stúlkna hefur ekki það sjálfs-traust, er timi til kominn að breyta til eða losa sig við fyrirmyndirnar. En mun það nokkurn tíma verða gert? – Aldrei! Svo lengi sem við höfum fjölmiðla, Cosmopolitan, Tique, Henne, Vi menn og tiskufrömuði í París, mun líf margra ungmenna vera mótað af stöðugri baráttu við kílóin, vöðva sem ekki eru nægilega stórir og svo filapenslana ...


ÞIVIND AASBRENN 19 ÁRA HAMINGJA LÍKAMI OG FYRIRMYNDIR

Tilvitnun sem eiginlega lýsir góðu lífi í fáum orðum: Að lifa í sátt við sjálfan sig og aðra. Það að elska sjálfan sig þýðir að jafnvægi er milli manns ytri og innri manns, uppbyggjandi hugarástand sem yfirfærast á jákvæðan hátt yfir á umhverfið í formi ástar. Að vera í samhljómi við umheiminn og sjálfan sig er það ekki eitthvað sem maður álitur vera hina fullkomnu hamingju? Þessa grundvallarhamingju, frumstæða, ekki efnishyggju hamingju. Er það þetta sem við erum öll að sækjast eftir? Eitthvað sem við erum fús til að eyða öllu lífinu í að öðlast? En fyrst verðum við að læra að elska okkur sjálf. Hvernig fer maður að því?

Örvæntið ekki, heimur nútímans hefur nefnilega fundið lausnina. Með hjálp nútíma gróðahyggju hefur tekist að efnisgera hið huglæga hamingjuhugtak. Í sjónvarpi og öðrum fjölmiðlum kynnumst við hamingjunni í gegnum sviðsettar uppákomur eins og sápu-óperur og afþreyingarkvikmyndir. Þar á eftir koma auglýsingar þar sem okkur er boðin hamingja á góðu verði. Átrúnaðargoð eða fyrirmyndir okkar, velþjálfaðar og fullkomnar setja sig góðfúslega í stellingar fyrir framan okkur (og fá auðvitað heilmikinn pening fyrir) og ætlast til að við verðum eins og þær. Þá munt þú elska sjálfan þig og verða hamingjusamur. Og við gleypum það hrátt. Kaupum okkur sjálfsvitund. Því það gengur ekki að vera bara maður sjálfur. Þetta hefur mannskepnan vitað lengi. Átrúnaðargoð eru nefnilega ekkert nýtt fyrirbrigði, þau hafa verið til jafn lengi mannfólkinu. Til dæmis eru trúarbrögð byggð utan um fyrirmyndir sem gefa fordæmi um hegðun og lífshætti. Jesús og Búdda eru dæmi um þetta. Maðurinn þarfnast nefnilega undirstöðu í formi ímyndar til að byggja sinn eigin persónuleika á.

»TIL ÞESS AÐ GETAÐ ELSKAÐ AÐRA VERÐUR MAÐUR AÐ ELSKA SJÁLFAN SIG«

Aðalatriði gömlu átrúnaðargoðanna um hegðun og lífsýn hafa nú á tímum vikið fyrir yfirborðskenndari og kyngreindari fyrirmyndum. Hundruð ára og metra-
vis af bókum, var leiðin til að verða að átrúnaðargoði í gamla daga. Í dag nægja nokkrar sekúndur á besta útsendingartíma til þess að búa til hálfgerðan guð. En hvað er það svo sem maður nær að meðtaka á þessum sekúndum? Hvað viðkomandi finnst um aukið ofbeldi á götum Oslóar? Varla. Það er það sjónræna, »líkaminn« sem verður aðalatriðið. Táknmál líkamans er mál sem allir skilja burtséð frá gáfnafari, kyni eða aldri.



Líkaminn er þess vegna notaður sem hengi fyrir O'Neill baðfatnað og fylling í Levi's gallabuxur. Kauptu þetta og þú munt komast að raun um hversu glaður þú verður, grannur og með á nótunum, sólbrúnn, fallegur og hamingjusamur. Hamingjusamur? Hamingja? Var það ekki það sem ég nefndi í upphafi? Hvað er ég að fjarviðrast út af þessu? Því hamingjuna getur aðeins þú sjálfur fundið. Hvar? Hvernig á ég að vita það? Ég hef enga hugmynd um hvar þú lést fjarstýringuna síðast.

LÍKAMINN & LISTHUGTAKIÐ

ÞORBJÖRG BR. GUNNARSDÓTTIR

Í ÍSLENSKRI SAMTÍMALIST

Í UPPHAFI: LISTIN OG NÁTTÚRAN

Á Íslandi er ekki hægt að tala um aldagamla hefð í myndlist líkt og annars staðar á Norðurlöndunum. Þótt vitað sé um örfáa Íslendinga sem fyrr á öldum menntuðust í myndlist – er það ekki fyrr en við lok 19. aldar að fram koma einstaklingar, sem höfðu til að bera þá áráðni og þann metnað sem þurfti til þess að helga sig listinni. Þessir fyrstu íslensku listamenn, sem allir sóttu menntun sína til Kaupmannahafnar, höfðu í fyrstu mjög á móta hugmyndir um listina – hún átti fyrst og fremst að vera raunsæ lýsing á náttúru Íslands og menningu.

En við það að fræðast um sögu myndlistarinnar, kynnast hefðum og menningu annarra þjóða, þá öðluðust þessir frumherjar þekkingu sem leiddi til þess að þeirra eigin myndlist tók á sig persónulegra svipmót. Því var það að strax á fyrri hluta þessarar aldar að merkja má greinilegan vilja Íslenskra listamanna til þess að skapa myndmál sem gæti á sem trúverðugastan hátt túlkað íslenskan veruleika. Og þar sem á Íslandi var ekki að finna listamenn sem höfðu þróast með hinum ýmsu stílum og stefnum í listum sem gengið höfðu yfir Evrópu um aldirnar, allt frá miðaldalistinni, endurreisninni, barokkinu, ný-klassíkinni, raunsæinu og rómantikinni – þá urðu íslensku myndlistar-mennirnir að leita annarra tilvísana til þess að geta túlkað hinn íslenska veruleika. Það sem varð fyrst fyrir þeim var NÁTTÚRAN – hin sérstæða íslenska náttúra og náttúruyrirbrigði. Þannig má með sanni segja að íslensk náttúra hafi orðið að nokkurs konar myndasafni fyrir íslensku myndlistarmenn, því þangað sóttu þeir innblástur bæði hvað varðar form og innihald verka sinna.

MANSLÍKAMINN OG LISTIN

Í öllu myndlistarnámi er það undirstaða alls að læra að teikna eða móta mannslíkamann, kynnast því nákvæmlega hvernig hann er samansettur, hlutföllum hans og lögun. Þannig hefur það verið frá örófi alda, listamenn hafa á öllum tímum fengist við að myndgera líkamann. Grikkir til forna lögðu aðaláhersluna á upphafna feegurð mannslíkamans en aftur á móti steinaldarmenn gerðu litlar kvenstyttur þar sem öll kvenleg hlutföll voru stórlega ýkt, því þá var aðaláherslan lögð á frjósemi. Þannig má segja að á öllum tímum hefur ásynd mannslíkamans í myndlist á vissan hátt túlkað samtímann.

Íslenskir myndlistarmenn lærðu að útfæra mannslíkamann út frá hefðbundnum reglum listaskólanna, en þær byggðu sýn sína á líkamann á þeirri fagurfræði sem rekja má til Forn-Grikkja. Sá líkami sem birtist í slíku hefðbundnu myndlistarnámi, getum við kallað núllpunktinn eða nokkurs konar hlutlaust upphaf í ásynd líkamans. Alla 20. öldina hafa íslenskir myndlistarmenn tekist á við þessa lærðu formskrift listaskólanna og reynt eftir mætti að skapa persónulega sýn á líkamann. Íslenski myndhöggvarinn Ásmundur Sveinsson (1893-1982) sagði eitt sinn:

**»... ALLIR LÆRA SÖMU FORSKRIFTAR-
BÓKINA, EN SVO GLEYMA FLESTIR ÞVÍ
SEM ÞEIR LÆRÐU OG SKRIFA SÍNA
EIGIN HÖND. ÞANNIG Á ÞAÐ AÐ VERA
Í LISTINNI. ÞETTA ER EKKI STÆLING.
ÞETTA ER FRUMLEIKI VAXINN AF
KUNNÁTTU«^[1]**

Helgi Þorgils Friðjónsson,
Drengir og ávextir. 1993.
Ólía á striga.





Daði Guðbjörnsson,
Ástfangið atóm, melankólí. 1995.
Olía á striga.

Og á leið sinni til frumleikans hafa íslenskir myndlistarmenn líkt og aðrir listamenn á Norðurlöndum, tileinkað sér hinar ólíkustu myndgerðir og formskriftir.

Þeir íslensku samtímalistamenn sem hafa fjallað um líkamann í myndlist sinni, hafa fjarlægst það að vera með beinar meðvitaðar vísanir í náttúruna, – í staðinn hefur líkaminn í verkum þeirra verið tengdur nokkurs konar umfjöllun um listhugtakið sjálft. Þetta er sameiginlegt verkum listamannanna Helga Þorgils Friðjónssonar, Huldu Hákon, Daða Guðbjörnssonar, Þorvaldar Þorsteinssonar og Birgis Snæbjörns Birgissonar sem valin hafa verið til þátttöku í þessari samsýningu sem fjallar um mannlíkamann og mannlega nánd í norrænni samtímalist.

HELGI ÞORGILS FRÍÐJÓNSSON

Helgi Þorgils Friðjónsson (f. 1953) var einn af braytryðjendum Nýja málverksins á Íslandi í byrjun 9. áratugarins. Með Nýja málverkinu birtist maðurinn (figúran) aftur í íslensku málverki eftir langt hlé. Alla tíð hefur mannlíkaminn verið þungamiðjan í verkum Helga. Í sýningarskrá einnar af sýningum hans segir:

**»... ÞVÍ Á EINN EÐA ANNAN HÁTT
SNÚAST MYNDIRNAR UM BERA KROPPA.
EN UM LEIÐ OG ÉG SEGI ÞETTA VERÐ
ÉG AÐ TAKA STRAX FRAM AÐ ÞAÐ ER
EKKI HINN HOLDLEGI LÍKAMI SEM ER
VIÐFANGSEFNI HELGA HELDUR LÍKAMINN
SEM MYNDLÍKING. ÞVÍ ALLIR LÍKAMAR Í
MYNDUM HANS ERU LÍKINGAR FYRIR EINN
OG SAMA LÍKAMA, »MINN EIGIN.« [2]**

Myndir Helga eru ríkar af merkingum oft trúarlegum eða tilvistarlegum Fólkið í myndunum hans sem oftast er sviðsett í íslensku landslagi, er líkt og aldurslaust og innhverft, eins og það sé búið að missa öll tengsl við umhverfið – það sé einangrað í sinni eigin veröld. Myndmál fyrstu verka Helga byggðist meira á línuteikningu líkt og veggjakrot (graffiti). Á síðastliðnum áratug hafa mannlíkamar hans fengið meira hold og þannig nálgast hina hefðbundnu skólasýn listaskólanna. En þó – þegar betur er að gáð má sjá hvernig listamaðurinn afvegaleiðir líkamann og hvernig fantasían tekur völdin.

DAÐI GUÐBJÖRNSSON

Daði Guðbjörnsson (f. 1954) var einnig þátttakandi í Nýja málverkinu snemma á 9. áratugnum. Forsendur Daða liggja aftur á móti miklu nær ofurraunsæinu (surrealísmannum). Líkaminn í verkum Daða birtist alltaf í óeiginlegri merkingu, það er fyrst og fremst sem myndbreyting, (metamorphose) hlaðinn mismunandi merkingum. Á síðastliðnum árum hefur Daða verið sérstaklega hugleikið að breyta líkamanum í pensil – málarapensil með auga í skúfnum. Pensillinn er þá tákmynd fyrir sjálf (ego) listamanns-ins, samruna auga, handar, hugsunar og verks. Kvenímyndin hefur líka sérstöku hlutverki að gegna í verkum Daða. Hún er ímynd fyrir hina léttúðugu og litríku hlið á menningunni – og sameinar allt það sem alvarlegri málurum. Þykir vera kitch, skraut og glys. [3]

HULDA HÁKON

Hulda Hákon (f. 1956) er einnig af sömu listakynslóð og þeir Helgi og Daði. Hún valdi hins vegar að nota ýmis konar hversdagslegt hráefni í samsettar myndir – lág-myndir. Maðurinn hefur verið í forgrunninum í verkum hennar á síðastliðnum árum. Þetta eru yfirleitt myndir af hversdagslegu fólki í hversdagslegum fötum. Það má jafnvel segja að myndmótunin sjálf sé líka hversdagsleg, því hún er langt frá hefðbundinni myndgerð listaskólanna. Myndmótun Huldu minnir mest á einskönar föndur og undirstrikar það leikinn í list hennar og líka nálægð hennar við efnið og eins viðfangsefni myndanna. Myndirnar eru tjáningarríkar, fullar af gáska, en þó félagslega og pólitískt beinskeyttar – en umfram allt listrænt frumlegar. Hulda hefur sjálf sagt um myndir sínar:

**»VIÐFANGSEFNIÐ ER OFTAR EN EKKI
EINHVERSKONAR BIÐSTAÐA EN MYND-
IRNAR MÍNAR SKÝRA SIG NÚ MEST
SJÁLFAR. YFIRLEITT ER EINHVER TEXTI
MEÐ MYNDUNUM ÞAR SEM ÉG NJÖRVA
MYNDEFNIÐ ENN FREKAR NIÐUR.**

**MÉR FINNST AÐ MYNDLIST EIGI AÐ
VERA AÐGENGILEG FYRIR ALLA OG
ÞYKIR MIÐUR ÞEGAR FÓLK SEGIR VIÐ
MIG AÐ ÞAÐ HAFI EKKERT VIT Á
MYNDLIST.**

**ÉG HELD AÐ ALLIR HAFI VIT Á MYNDIST
OG AÐ MÍNUM DÓMI Á HÚN AÐ VERA
SKEMMTILEG EN EKKI EINHVER
DAUÐANS ALVÖRUPUNGI.» [4]**



**PLEASANT LAUGHTER,
AND THERE IS NO NEED
TO OFFER SACRIFICE**



Þorvaldur Þorsteinsson, Status, hluti úr seríu. Ljósmyndir.

ÞORVALDUR ÞORSTEINSSON

Þorvaldur Þorsteinsson (f. 1960) vinnur fyrst og fremst á hugmyndalegu sviði og notar ýmis konar hrá-efni/efni til að koma hugmyndum sínum til skila. Þær myndir sem eru á þessari sýningu eru ljósmynda-samklipp sem fjalla um hugleiðingar listamannsins um listasöfn og klassiska ásýnd líkamans. Hægt er að

skoða ljósmyndirnar út frá mörgum sjónarhornum. Fyrst finnum við tengslin við klassikina (hefðina) þar sem fornar styttur eru afmyndaðar, síðan skoðum við aftur á móti myndgerðina sjálfa eða hvernig myndmálið er notað við gerð samklippa (collage) þar sem listamaðurinn setur útklipptan líkama á stöpul inn í imyndað safnarými. Þessi verk eru hugleiðingar um

sýn á líkamann, (hvers konar líkami er þetta ef við miðum við hefðina?) og þróun hans. Um leið eru verkin hugleiðingar um það hvernig tíminn og tilviljanir hafa í gegnum aldirnar breytt sýn okkar á styttur fornanna og ennfremur um söfn og áhrifamátt safnarýmis.

BIRGIR SNÆBJÖRN BIRGISSON

Birgir Snæbjörn Birgisson (f. 1966) tilheyrir yngstu kynslóð íslenskra myndlistarmanna. Málverkin hans eru líkt og gegnsæ og oft með trúarlegu ívafi. Birgir sækir fyrirmyndir í myndskreytingar í barna- og skólabókum eða við trúartexta. Myndefnið hefur alltaf tvíeða merkingu: Annars vegar er það upphafið viðmót persónanna í myndunum fullt af friði og kærleika, en hins vegar grillir um leið í einhverja ógn sem gæti umbreytt þessum myndveruleika. Birgir lýsir verkunum sínum sjálfur þannig:

»MYNDEFNIÐ ER AÐ ÖLLU JÖFNU BÖRN
OG UNGLINGAR Í TILBÚNU LANDSLAGI.
MÖRG VERKANA LÝSA BROTHÆTTU
SAKLEYSI BERNSKUNNAR SEM GETUR
BREYST Í ANDHVERFU SÍNA. VERKIN Hafa
SAKLEYSISLEGA AÐKOMU EN OFT BÝR
MIKIL ALVARA AÐ BAKI. Í ANDSTÖÐU
VIÐ ÆRSLAFULLA ÆSKU RÍKIR KYRRÐ
OG FRÍÐUR Í VERKUNUM SEM GEFUR TIL
KYNNA AÐ EKKI ER ALLT MEÐ FELLDU. Í
ÞEIM MYNDUM MÍNUM SEM ERU MANN-
LAUSAR ER FRÁSÖGNIN TIL STAÐAR ÞÓ
FÍGÚRUNA VANTI. MANNLEG NÁND ER
SKYNNANLEG. ÝMIST ER EITTHVAÐ Í
VÆNDUM EÐA ER NÝBÚIÐ AÐ GERAST.«

HEIMILDIR

[1] Matthías Johannessen. Bókin um Ásmund. Reykjavík, 1971. [2] Gunnar J. Árnason. Sumarsýning Norræna hússins 11. júlí – 16. ágúst 1992. Reykjavík, 1992. [3] Gunnar J. Árnason. Daði Guðbjörnsson. Kjarvalsstaðir. Reykjavík, 1993. [4] Hulda Hákon. Pressan, vikublað. Reykjavík, 1991.

Með því að velja þessa fimm listamenn vildum við undirstrika á hversu fjölbreytilegan hátt – bæði hugmyndalega og myndmálslega, íslenskir samtímalistamenn hafa túlkað mannslíkamann í verkum sínum: Helgi Þorgils skapar nýja manngerð – líkama; Daði spinnur og umbreytir líkamanum í pensil eða önnur tákni; Hulda Hákon mótar hversdagslegar persónur utan við allar hefðbundnar viðmiðanir; Þorvaldur umbreytir líkamanum í ljósmynda-samklipp með meðvitundum tilvísunum í myndlistarhefðina og safnaumhverfið – og Birgir endurnotar myndir og vinnur með líkamann – listrænt séð – í þriðju persónu.

*Birgir Snæbjörn Birgisson, Stúlka með sítt hár
að spegla sig í vatni. 1995. Olía á striga.*



HIÐ NAKTA ÉG

TEIJA HIHNALA



Veturinn 1996 stóð Alvar Aalto-safnið fyrir sýningunni »Hið nakta ég«, en hún varð aðdragandi »Líkamsnándar«-sýningarinnar. Auk núlifandi finnskra listamanna sem þátt tóku í sýningunni voru sýndar teikningar og grafíkmyndir úr listasafni Ester og Jalo Sihtola, sem einnig er til húsa í byggingu Alvar Aalto-safnsins. Sýningin varð til úr vissu ferli. Fyrirlestraröð undir fyrirsögninni »Þess vegna laumaðist ég« myndaði hugtakaheim sýningarinnar svo úr varð samstæð heild. Á verkstæði »Nöktu fyrirsætunnar« urðu til teikningar og málverk og úr danssmíðju bættist mannleg snerting við grunn sýningarinnar. Dansarar túlkuðu sýninguna daglega í eina viku en úr því vann ljósmyndari safnsins samhliða sýningu. Að lokum náði útvarpsdagsskrá um efnið út til hlustenda, þ.á.m. fólks sem ekki hafði látið freistast til að sjá sýninguna.

NEKTIN Í LISTINNI OG ÞJÓÐFÉLAGINU

Ég tók frumkvæðið að sýningunni um »Hið nakta ég« af því að mig langaði til að fjalla um mannslikamann sem við skoðum og snertum, en auk þess vakti félagslegt hlutverk húsbýgginga í borgum forvitni mína. Borgir verða til vegna félagslegar þarfar mannsins – götur, torg og önnur opinber svæði eru til þess gerð að fólk geti náð sambandi hvert við annað. Í borgum Vesturlanda hefur á undanförunum árum ekki skort tækifæri til að sneiða hjá öðru fólki [1]. Í nútíma borgarskipulagi virðist alveg hafa gleymst að varðveita sambandið við manneskjur af holdi og blóði.

Á tíma módernismans var líkaminn eingöngu líffræðilegt tæki til at halda stoltum nútímamanninum uppréttum, honum var beitt í líkamlega vinnu og til að stunda frjálsar ástir. Í augum existentialista skipti eingöngu andleg ást einhverju máli. Slíkur intellektualismi hefur aldrei unnið hjórtu millistéttarinnar, skilgreining hennar á ástinni miðast við siðvendni og að festa ráð sitt. Ég fæ ekki betur séð en að þessi mismunandi viðhorf séu enn að takast á.

Eitthvað hefur farið úrskaiðis ef maður rekst utan í annan í mannþröng og finnst að ráðist hafi verið inn á friðhelgi sína. Hræðsla við mistök er helstu einkenni nútímaþjóðfélagsins, fólk forðast að hræra í eigin tilfinningum og annarra í von um að komast hjá árekstrum [2]. Í von um betra líf höfum við frelsað okkur sjálf frá rifrildi og öðru sem jaðrað getur við smekkleysi. Fagurfræði líkamans (þróttir, megrun, tíska og matur) beindi áður athyglinni að mannum sjálfum en er nú orðin sameign – til þess að njóta með öðrum og fyrir aðra [3]. Í húsagerð sést þessi breyting í greinilegum mörkum einkalífs og hins opinbera – eftirlit eykur öryggið.

Við finnum fyrir óöryggi gagnvart nektinni – hún vekur blygðun millistéttarinnar en menntafólk litur ýmist niður á hana eða lætur hana sig litlu skipta. Þótt auglýsingagerð og myndbandslist hafi skapað nýja og óraunverulega mynd af nektinni á sjónvarpsskjánum reynist okkur erfitt að horfa á ókunna mennskju af holdi og blóði, hvað þá á að snerta hana. Óvirk nekt gefur lágum hugsunum lausan tauminn en virk nekt veldur ugg og virðist flæða yfir mörk þess sem þykir viðeigandi.

FLEYGT Í LÍKAMANN

Hugmyndin að sýningunni um »Hið nakta ég« varð til úr mörgum hugdettum. Þörfin fannst í orðunum, krafan var félagsleg og áhugi hafði vaknað víða. Með líkamslist og gjörningum, afkvæmum myndlistarinnar, voru mörk myndrænnar nektar skráð og túlkuð og hreyft við þessum mörkum á varfærinn hátt [4]. Við undirbúning sýningarinnar var ekki lagt út frá listinni sem slíkri heldur þeim áhrifum og spurningum sem gera þetta viðfangsefni svo mikilvægt.

Sýningin var aðallega ætluð börnum og unglingum á skólaaldri og því sátu kennari og kennaraháskólakennari ú í undirbúningsnefndinni. Þar eð viðfangsefni sýningarinnar var af félagsfræðilegum toga þótti eðlilegt að félagsfræðingur með sérþekkingu á viðhorfum okkar til líkamans tæki þátt í undirbúningi sýningarinnar.

Ógrynni spurninga vaknaði og má finna sumar þeirra í kynningartexta sýningarinnar. Starfsmenn í skólum hafa t.d. velt vöngum yfir því hvers vegna farið sé í ofboði til skólalæknisins með barn sem hefur slyst til að teikna typpi. Foreldrum getur brugðið ef nektarmyndir er að finna á listasýningum á vegum skólans. Áhugi félagsfræðinga á viðhorfum til líkamans og rannsóknnum þar að lútandi er vakinn. T.d. hvað fái fólk til að ofreyna sig á líkamsrækt og hvers vegna stúlknasjúkdómurinn lystarstol sé farinn að breiðast út meðal drengja?

Grundvallarspurningin snýst um hvað sé nekt og hvers vegna hún valdi blygðun? Við höfðum ótal svör á reiðum höndum varðandi sektarkennd. Það sem mest áhrif hefur á ungt fólk er klisjukennd mannsmynd okkar tíma og hræðslan sem henni fylgir. Ótalmargar aðrar útskýringar og ástæður tengjast nektinni og því að vera allsber.

NEKTIN ER NÁLÆGÐ

Gamla hugtakið »listin listarinnar vegna« hefur veitt listinni ótrúlegt sjálfræði. Listin hefur komist upp með að tróna í háseti eigin heims og fagurfræðinnar. Núna á tímum póstmódernismans er ætlast til að listin sé viðtæk og því er hægt að brjóta það tabú að listin megi ekki vera meðalið í sjálfu sér. Listsýning er ekki fullgerð fyrr



*Philip von Knorring,
Torso. 1995.
Stafræh núðuð ljósmynd.*

en hún hefur mætt umhverfi sínu, henni er lokið og hún hefur fyllt þeirri orku sem áhorfendur hafa lagt í hana.

Fyrsta hugdettan var sú að á sýningu sem fjallaði um nekt yrði manneskj-an sjálf að vera til staðar. Auk þess yrði hún að bjóða upp á miklar tilfinningalegar upplifanir. Getur listsýning svo sem verið eitthvað annað? Listin er í sjálfri sér tilfinning, hún er tilfinningalegar upplifanir listamannsins holdi klæddar. Listamennirnir eru alltaf nærri í verkum sínum og áhorfendur í líkómum sínum – úr þessu þarf svo að skapa samneyti svo tækifæri gefist á svári.

Í öðru lagi þarf að gefa áhorfandanum tök á að geta brugðist jákvætt eða neikvætt við upplifunum sínum.

Það er mjög mikilvægt að ungmennin fái tækifæri til að brjóta upplifanir sínar til mergjar. Ef nakin fyrirsæta er til staðar, ef hægt er að horfa á hana og teikna er hægt að hleypa út þeirri óvissu sem sýningarverkin skapa. Þegar þú teiknar ertu með fyrirsætunni en þó ein(n). Þú hleður fyrirsætuna heimsmynd þinni og lífs-sýn jafnvel þvert á vilja þinn.

Sé nektin eingöngu mynd getur hún hnotið um eigin tilgang og orðið óá-hugaverð, hrá sýning. Í innsetningu Mari Rogers afhjúpast undirmeðvitundin, nektin í innviðum höfuðsins sem andstæða líkamsheildarinnar – þetta gerist á miklu áhrifaríkari hátt en ef um einfalda mynd væri að ræða. Nálægð fyrirsætunnar í verkinu er meira en mynd. Sé fyrirsætan gamall karl með slitinn líkama

skerpast andstæður milli fyrirsætunnar og æskuljóma teiknarans. Þetta gefur námsferli bæði nemenda og kennara óneitanlega dýpt. Viðhorf fullorðna mannsins til breytinga á líkama sínum geta verið hlaðin jafn mikilli óvissu og hræðslu og ef um ungmenni væri að ræða. Námsferli kennarans er ekki síður mikilvægt en hjá nemandanum. Í listkennslu er mikilvægt að undirbúa sig undir öflug tilfinningaleg viðbrögð og óvissu.

Mesta hrifningu meðal ungra sýningargesta vakti verkið « Í ruggu-stól lífsins» eftir Ilkka Sariola, enda var mjög auðvelt að taka afstöðu til þess. Verk Sariolas eru sett saman úr innsetningum og myndbandi sem tekið var við frumflutning gjörningsins. Í verkinu má skynja

sársauka sem felst í að sætta sig við hægfara hrörnun líkama síns. Með sögu sinni sýndi vöðvastæltur listamaðurinn – á ofurnæman hátt – viðkvæma bletti í persónu sinni og bauð um leið áhorfendum með í sama ferli, í ruggustól lífs síns.

Það var athyglisvert að sjá hvernig verk þau og listamenn sem ég valdi út frá innsæinu einu saman báru sýninguna uppi á meðan verk sem ég valdi af mikilli gaumgæfni hefðu hæglega mátt missa sín. Það var fyrst eftir spurningar fjölmiðla sem ég gerði mér grein fyrir hvað sýningin dró upp skýra mynd af mér sjálfri. Hér hafði verið leitast eftir bliðu og opnum hugsunarhætti í stað þess að bregða fólki eða prédika yfir því.

NÝTT LÍF EÐA VALDBEITING

»LÍKAMI OKKAR ER SÁ GESTUR SEM VIÐ HORFUM MEST FRAMHJÁ – LÍKAMI OKKAR SJÁLFRA»

... skrifaði Walter Benjamin í ritgerð sinni um Kafka (4). Nektarsinum er það mikilvægt að mæta augnráði annarrar manneskju eða skoða hana án klæða [5]. Ef manneskjan getur satt þetta hungur sitt á eðlilegan hátt sleppur hún við ástæðulausa sektarkennd. Sama gildir þegar teikna á nakta fyrirsætu. Fyrir mér

fjallar þetta um að varpa óvirkninni fyrir borð og tengja virkan líkama sinn við raunveruleikann. Nektarhreyfingin á rætur sínar að rekja til þýsku aldamótahreyfingarinnar um lífsendurnýjun, þar sem nektin bar merki um holla lífshætti og viðhorf til líkama síns og samfélagsins [6].



Hannu Riikonen,
Mars. 1991
Trefjagler, gifs.



Mari Rogers, Útlínur norrænnar návistar. 1996. Innsetning.

»MANNSLÍKAMINN ER VÍGVÖLLUR ÞAR SEM TAKAST Á ÖFL SÍBREYTILEGRAR SÖGU, MENNINGAR OG SJÁLFSINS«

... sagði Mikko Hietaharju í fyrirlestri sínum um háan sess ljósmyndarinnar í nútíma myndlist [7]. Sama á við um kvikmyndir. Í kvikmyndum myndast ekki atferlismynstur heldur eru þau yfirleitt sótt í lífið sjálft. Kvikmyndin hefur t.d. sótt stimplunina í nektina [8]. Nektinni er beitt til að niðurlægja manninn. Fangar eru háttadír og gerðir hjálparvana, persónulausir og tölusettir. Konur eru klæddar úr, þeim nauðgað og þær gerðar að hórum.

SNERTING HÖRUNDS

Það er ekki síður mikilvægt að snerta hörund og berja líkama augum. Þess vegna var dans valinn sem hluti af sýningunni um »Hið nakta ég«. Í túlkun Jaap Klevering og Jaana Turunen á nektinni notuðu þau leirböð og nudd. Leirböðin til að minna á hæfileika manneskjunnar til að snerta sig og njóta þess. Nuddið til að sýna sameiginlega upplifun handa nuddarans og líkama þess sem nuddsins naut. Sjálf varð ég fyrir mestum áhrifum þegar ég sá hvernig dönsurunum tókst að brjóta, vikka og þrengja það líkamlega rými sem manneskjan tekur um leið og þeir færðu út landhelgi sálarinnar. Þá vaknaði ný spurning, hvenær lærir innra barn okkar að ekki megi leyfa líkamanum að túlka tilfinningar sem er ofaukið og hvernig verður þetta viðhorf ráðandi? Stúlka sem tók þátt í danssmíðjunni skrifaði:

»SVONA ÆTTI AÐ GERAST OFTAR
EN EINU SINNI Á SEXTÁN ÁRUM.
KANNSKI GERIST ÞETTA AFTUR
EFTIR SEXTÁN ÁR ÞEGAR ÉG VERÐ
32JA ÁRA. ÞAÐ ER UM AÐ
GERA AÐ LIFA Í VONINNI.«

HEIMILDIR

- [1] R.Sennet, *Flesh and stone, The Body and the City in Western Civilization*, W.W.Norton Et company, 1993, 16.
- [2] M. P. Baumgartner, *The Moral order of a Suburb*, Oxford University Press, New York, 1988, 127.
- [3] Michel Maffesoli, *Maailman mieli. Yhteisöllisen tyylin muodoista*, Tampere 1995, 7.
- [4] Walter Benjamin: »Franz Kafka«, i bókinni *Messiaanisen sirpaleita*, Jyväskylä, 83-115.
- [5] Esa Sironen, *Silloin aukenivat heidän molempain silmät, Alaston minä -näyttelyn luettelo*, Jyväskylä 1996.
- [6] Ilpo Rossi, *Elämää alastomuusliikkeessä, luentosarjassa... sen tähden minä lymysin*, 15.1.1996.
- [7] Mikko Hietaharju, *Valokuva ja alastomuus galleriakuvista kymppikuviin, luentosarjassa... sen tähden minä lymysin*, 23.1.1996.
- [8] Peter von Bagh, *Ylevä ja limbo – elokuvallinen alastomuus, luentosarjassa... sen tähden minä lymysin*, 31.1.1996.

SATU KILJUNEN

-16 KG +16 KG »TIL HEIÐURS KLASSÍKINNÍ«.

MYNDBANDSVERK, U.Þ.B. 6 MÍNÚTUR.

VERKIÐ ER HEIMILD UM MEGRUNARKÚR.

Kvenlíkami, stellingin minnir á grískar brjóstmyndir, snýst í kringum sjálfan sig á skjánum. Við hvern snúning fellur eitt kíló. Þyngdin er gefin upp í tölustöfum fyrir neðan nafli. Myndverkið er klippt þannig að fyrst dregur úr þyngdinni, síðan eykst hún þar til dregur úr henni aftur o.s.frv ... Birtan fellur þannig á líkamann að hún breytist réttssælis um 13 gráður í hverjum snúningi. Ljósaskiptin framkalla hreyfingu sem verður rangsælis snúningi líkamans. Verkið er byggt upp sem hei mildarverk. Brugðið er upp myndum af raunveruleikanum sem fylgja fyrirfram ákveðnu kerfi. Þá er ýmsum tæknibrellum beitt við myndatökuna sem afhjúpa hluta raunveruleikans sem ella

hefði verið hulinn mannsauganu. Í verkinu er tíminn á milli kílógrammanna klipptur burt. Myndbandsverkið varpar nýju ljósi á afstæða fegurð kvenlíkamans og vekur spurningar um viðhorf okkar til fegurðar. Í verkinu er einnig leitast við að taka myndræna afstöðu til stöðugrar óánægju okkar með líkamann og eilífan vitahring megrunar og fitunar. Afstaðan er tengd hefðinni fyrir því hvernig kvenlíkaminn er tjáður í myndum.

PHILIP VON KNORRING

TORSO

Verkið á rætur sínar að rekja til málverksins »L'Origine de monde« (Upphaf heimsins) eftir Gustave Courbet (1819-1877), en hún varð eftir beiðni tyrkneska stjórnarereindrakans Khalil Bey árið 1866. Verkið var ekki til sýnis almenningi fyrr en í júlí 1995 þegar það var sýnt í Musée d'Orsay í París.

Ég málaði eftir því í ársbyrjun 1995 – gjörsamlega óafvitandi um að frummyndin yrði sýnd almenningi aðeins hálfu ári seinna. Verkið hefur verið mörgum listamönnum innblástur. Ég frétti af því á miðjum sjöunda áratugnum og hafði það mikil áhrif á mig.

Ég óskaði eftir að tengja saman nútímataekni og hefðbundið málverk. Myndir voru gerðar eftir lífandi fyrirsetu, síðan gerðar stafrænar og unnar á tölvu áður en þær voru litprentaðar á glæru.

HANNU RIIKONEN

Ég hrífst af hörundslit. Hlý erótíkin í líkama og hörundi konunnar er mér karlmanninum nauðsynleg. Hún er uppspretta lífsins og vaxtar á mörgum stigum.

Manneskjurnar í höggmyndum mínum, bæði karlar og konur, eru einmana og í djúpum þönkum. Kannski eru þetta sjálfsmyndir frá ýmsum tímabilum, bæði í gervum karla og kvenna. Það skiptir mig ekki lengur máli hvernig áhorfendur lita þær mismunandi augum, allt eftir forsendum þeirra og bakgrunni.

Nöfn verka minna eru lykillinn að heimi þeirra. Þau eru oft rómantískar klisjur, því manneskjuskúlptúrnarnir rétt eins og fyrirmyndir þeirra, þekkja sig best í slíkum klisjum.

Í byrjun níunda áratugarins vann ég mörg önnur mótif en kvenmyndir, til dæmis heila líkama í fullri stærð og brjóstmyndir frá miðju og uppúr. Þá málaði ég akrýlmyndir og notaði þar dekkri liti en á höggmyndirnar.

»Sól undan skjúmu« var einn fyrsti kvenskúlptúrin og skildist mér að hann kæmi við kaunin á fólki. Í listasafninu í Tavastehus gat hreingerningafólkið ekki stílt sig um að »rétta« hann við á kvöldin. Ýkt naivistatækni mín

breyttist í meira raunsæi og nákvæmni í lok níunda áratugarins. Fyrirmyndum þannig frásagnarskúlptúra fækkaði og í byrjun þessa áratugar skipti ég um tækni. 1991 gerði ég þó skúlptúrana »Venus« og »Mars« þar sem ég notaðist við líkama-mótifíð, þ.e.a.s. líkamsræktina.

Á þessum tíma fór ég að nota hruftótt gifs sem ég festi með grisju á korkplötu og limdi fast á tréstatíf. Á eftir málaði ég þetta í náttúrulegum litum.

MARI ROGERS

UM LIST OG NEKT

Oft er spurt hvað sé list? Hvað er hlutverk listamannsins? Ég gæti svarað því á þessa leið: Að vera birta í skugganum – skuggi í birtunni.

Hvað þá með nektina í meðferð listamannsins? Það getur verið mynd af naktri manneskju. En það geta líka verið álögin að standa frammi fyrir því sem aðrir sjá í okkur óútskýranlegt og öðru vísi. Það snýst alltaf um að vera á mörkunum – nektin er nokkurs konar mörk. Hún gæti líka minnt okkur á snertingu. Levinas segir að á milli okkar sé alltaf einhver snerting.

Og breyting sem felst í tímanum. Við komum nakin og förum nakin. Shakespeare orðar þetta öðru vísi, hann segir að við komum grátandi og förum þegar við höfum grátið út (Tell). Samuel Beckett segir að taramagnið í heiminum sé stöðugt og sama eigi við hláturinn.

Listrænt val felur alltaf í sér bæði þögn og samræður. Þessar samræður tengjast samtíð okkar og hvernig við umgöngumst hvert annað. Við getum ímyndað okkur að hugsunin geti verið nakin – allsber. Þ.e. andleg hlið nektarinnar. Við þessa tilhugsun glöggvum við okkur á því hvernig við komum fyrir í þessum heimi. Við könnumst aftur við hluti, við rifjum upp það sem við höfum gleymt, við sættum okkur við nýjungar. Við ferðumst á svæði tilfinningalegra tjáskipta. Þegar listamaðurinn gefur sig listinni á vald ferðast hann á svæði hláturs og gleymsku! Sama gildir um áhorfandann. Við þurfum ekki að skilja listina. Ef við skildum allt – eins og Milan Kundera segir – þá þýddi það að við snerum við. En það á ekki að þurfa að útskýra allt – eða muna allt. Í kjölfar Rilkes hefur þýðing listarinnar verið hulin skugga sem aldrei leysist upp frammi fyrir augnliti þess



*Ilkka Sariola,
Í vöggu lífsins. 1996
Gjörningur 20 min.*

sem skoðar. Vissulega felur allt sem sagt hefur verið í sér andstæður sínar. Ósýnilegt land Rilkes (sýnilegt vatn).

ILKKA SARIOLA

Í VÖGGU LÍFSINS.
GJÖRNINGUR.

Í verkinu fæst ég við hvernig líkamsmynd mannsins verður til. Hvaða áhrif hefur æskan og umheimurinn á líkama okkar? Hvernig manneskjur verðum við og hvernig björgum við okkur? Verkið er byggt á persónulegri reynslu – minningu úr æsku og hverdagsvafstri nútíðarinnar. Ég sýni líka svipmyndir af því hvernig ég næ stjórn á líkama mínum í karate og með því að mөлva eitthvað í verkinu.

Hvernig bregst fólk við nakinni manneskju í listinni? Verð ég líka nakinn sem persóna þegar ég segi frá æskuminningu minni? Þorir einhver að setjast í ruggustólinn við hliðina á mér berrösuðum? Hvað gerist á hinum Norðurlöndunum?

Frásögn fléttast inn í verkið: Ég á þrjá eldri bræður. Ég er yngstur. Jukka er næst yngstur, hann er sex árum eldri en ég, hann hefur átt við veikindi að stríða frá fæðingu, vöðvarýrnun. Mestallt lífið hefur hann verið í hjólstól og hann er núna búinn að vera í öndunarvél í tíu ár.

Veikindi Jukka hafa að sjálfsgöðu haft áhrif á foreldra mína og eldri bræður. Og sett mark sitt á mig. Ég ólst upp án þess að vera í hlutverki yngsta barnsins. Ég hef neyðst til að vera mjög sterkur, alla vega líkamlega. Kannski þess vegna varð ég að hundrað kílóa listamannsrumi, sem reyndi um tíma að rækta líkamann svo skart að óléturákir mynduðust á vöðvastæltum upphandleggjum mínum. Veikleiki vekur stundum viðbjóð minn, þótt erfitt geti verið að viðurkenna það.

Þegar ég var u.þ.b. sex ára gamall og bróðir minn tólf lékum við okkur í þessum bláa ruggustól. Við vorum uppi á efri hæðinni og Jukka gat enn þá gengið dálítið. Við vorum að

leik við bláa ruggustólinn. Jukka sat á gólfinu og hallaði höfðinu upp að stólnum. Ég dró ruggustólinn í áttina frá honum svo hann gæti ekki stutt sig upp að honum. Jukka bað mig um að hætta en ég hélt áfram þar til hann skall með höfðið á gólfið og fór að gráta. Eftir það man ég bara eftir sársaukanum. Líklega kom mamma til að athuga hvað væri að og þegar hún sá hvað gerst hafði kippti hún í hárið á mér en tók Jukka í fangið. Ég fór grenjandi inn í herbergi. Ég man eftir biturri afbrýðisemi þegar mamma huggaði Jukka en ekki mig. Í barnshuga mínum var grátur okkar bræðranna jafnvægur. Við fundum báðir fyrir sársauka. Er það kannski þess vegna sem ég hef verið burstaklipptur árum saman eða er ástæðan einfaldari en svo? Það er t.d. mjög þægilegt að vera stutthærður í karate.

Ég er búinn að þjálfá í rúm tíu ár. Vorið 1995 fékk ég svarta beltið. Ég hef notað karate til að bjarga mér. Til þess að verða fullorðinn og til að endurheimta samband líkama og hugar. Þó ekki sé nema í stutt augna-



blik í senn. Ég óska þess að Jukka öðlist styrk til at berjast í lífi sínu láta reyna á þol sitt. Sjálfur reyni ég að flytja smámörk með því að mólva mursteinana fyrir framan mig.

VERKID

Ég rugga mér í svörtum stól með hausköpu í kjöltunni. Ég kveiki öðru hverju á eldsspýtu og læt hana brenna upp en gæti þess þó að brenna ekki á mér fingurgómána. Andrúmsloftið er innhverft og í biðstöðu. Ég rugga mér og brenni eldsspýtur – að öðru leyti er ég þögull. Eftir 15-25 mínútur byrja ég að tala. Ég segi blaðlaust söguna um Bláa ruggustólinn – sársaukafulla minningu úr æsku.

Ég stend á fætur og legg hausköpuna í autt sætið. Ég klæði mig úr, undir fötunum er ég í karatebúning. Ég mólva þakhellur (eða spýtur) sem eru á gólfreglinum á milli stólanna.

Ég fer úr karatebúningnum og sest rakinn í tveggja manna ruggustól. Ég býð einum í einu úr hópi áhorfenda að setjast hjá mér og rugga sér. Þar fá þeir að velja einn geisladisk af fimm til að spila og ég tek tvær polaroid-myndir. Myndavélin er fest á bak svarta ruggustólsins og myndirnar detta ofan á hausköpuna. Áhorfandinn fær alltaf aðra myndina af sjálfum sér með sér heim.

OLLI SUMMANEN

Ég bað þrjá vini mína um að sitja fyrir hjá mér. Þeir höfðu reynst mér vel á erfiðri stund og því var tilvalið að þeir væru fyrirmyndir málverka minna.

Síðar áttu gagnrýnendur eftir að lýsa þessum persónunum í myndum mínum sem vesalingum á jaðri þjóðfélagsins, jafnvel illmennum. Þetta hefði eflaust farið á aðra leið ef ég hefði málað konur á sama aldri. Þær hefðu líklega ekki verið kallaðar þessum nöfnum þótt konur séu meiri hluti mannkyns. Ég held líka að slappir líkamar fyrirsætanna hafi gert þá að neðangarösmönnum í augum áhorfenda, jafnvel þótt hagtölur sýni að flestir miðaldra finnskir karlar eigi við offitu að stríða.

Í málverkunum leitast ég við að sýna hlutverk sem karlar á besta aldri lenda í. Séu þeir málaðir naktir án s.k. erótískrar undiröldu er erfitt að finna bás til að setja þá í – kannski viti til varnaðar. Það eina við þá sem gat skotið mér skelk í bringu var hvað þeir voru venjulegir, það er uppfundið fyrirbæri sem kemur úr allt annarri átt en manninum sjálfum. Til dæmis í auglýsingum og þeirri karlmynd sem þær skapa.

Ég vona að myndirnar af vinum mínum stingi sem flís í vöðvastælt hold áhorfenda. Ég veit af eigin reynslu að heilbrigð magastarfsemi er útlitinu mikilvægara.

Þýtt úr finnsku: Erla Sigubaraðóttir.

HEIMSÆKIÐ LISTASAFNIÐ YKKAR!

5 LISTASÖFN Á NORDURLÖNDUNUM
[HTTP://KROPPSNARA.KONSTMUSEET.NORRKÖPING.SE](http://KROPPSNARA.KONSTMUSEET.NORRKÖPING.SE)



NORRKÖPINGS KONSTMUSEUM / KRISTINAPLATSEN / 602 34 NORRKÖPING
LEIÐSAGNIR VERKSTÆÐI OG FYRIRLESTRAR / OPIÐ: MÁN-SUN. 12-16 &
MÁN-FIM. 19-21 / UPPLÝSINGAR: SÍMI 011 15 26 00 &
011 1526 04 / HEIMASÍÐA: [HTTP://KROPPSNARA.KONSTMUSEET.NORRKÖPING.SE](http://KROPPSNARA.KONSTMUSEET.NORRKÖPING.SE)



HENIE-ONSTAD KUNSTSENTER / 1311 HØVIKODDEN / SÝNINGAR DANS LEIKHÚS KVÍKMYNDR
TÓNLIST / SÍMI 67 543 050
FAX 67543 270 / OPIÐ: ALLA DAGA



ALVAR AALTO -MUSEO / ALVAR ALLON KATU 7 / 40600 JYVÄSKYLÄ
SÍMI 14 626 852 / FAX 14 624 814 / HEIMASÍÐA: WWW.KLL.FI/AALTO/
OPIÐ: TIS-SUN 11-18



VESTSJÆLLANDS KONSTMUSEUM / STORGADE 9 / 4180 SORØ / LEIÐSAGNIR VERKSTÆÐI OG
LJÓÐALESTUR / SÍMI 53. 63 22 29 FAX 57. 82 00 18 / OPIÐ: FYRIR SKÓLANEMA ALLT ÁRIÐ
MÁN-FÖS. 9-16 / 15.ÁG.-14.MAÍ 10-16 & 15.MAÍ-14.ÁG. 13-16



KJARVALSSTAÐIR - LISTASAFN REYKJAVÍKUR / V. FLÓKAGÖTU / 105 REYKJAVÍK
SÍMI 552 6131 / FAX 565 6191 / NETFANG: KJARVALSST@CENTRUM.IS
OPIÐ ALLA DAGA: 10-18